



CQ TF



5. tölublað 17. árgangur desember 1999

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

QSL Manager:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



Bjarni TF3BM færði ÍRA þennan magnara að gjöf á félagsfundum sem haldinn var 23. okt. 1999. Hér veitir TF3HP formaður ÍRA homum viðtöku

Myndina tók TF5BW

Meðal efnis í þessu blaði:

Frá formanni	2
Fundargerðir stjórnarfunda	3
IARU ráðstefna 19-24 sept. 1999	4
Morse umræðan	27

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Þróttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Frá Formanni

Árið 1999 er senn á enda og vísast ætlast til þess að við horfum til baka og skoðum það sem gert hefur verið í félagsmálum. Þegar það er skoðað hvað við höfum gert í félagsmálum stendur sennilega uppúr sú endurskoðun á reglugerð um amatöra sem nýlega var lögð fram á félagsfundum. Prófnefndin hafði þá starfað í rétt tvö ár og unnið mjög gott starf og farið yfir hvern einasta þátt og skoðað hann, vegið og metið. Sumt dæmt léttvægt og látið standa óáreiðt en önnur fengið mjög mikla breytingu og enn öðrum alveg sleppt. Eitt atriði held ég að þó

standi uppúr og hefur fengið mesta umfjöllun en það er varðandi morsekröfurnar, og þær kröfur sem ættu að gera varðandi aðrar prófkröfur til amatöraprófs. Sú tillaga að halda uppi fyrri hraðakröfum fyrir cw prófið finnst mér vera í fullu gildi EF sú breyting verður gerð að nýliða-prófið verði rýmkað til muna enda nánast eins og núverandi A-próf

Mjög lítil viðbrögð hafa komið fram við þeirri hugmynd að "ELMER" en eins og Villi TF3DX kom inn á í umfjöllun sinni um unglingsstarf

"Hugsið ykkur hvað áhugasamur "Elmer" gæti gert með unglungum í sínu hverfi, ef lærlingsleyfið kemst í gegn. Eða hvað hægt væri að gera á skátamóti, komin "loftskeyta-

stöð" í annað hvert tjald! Og heima fyrir væri auðvelt að nota PSK31 og tölvuna, því það er einmitt hugmyndin að til verði "fool-proof" kit. Samt verðum við að vera vakandi fyrir að ekki verði bara litið á þetta sem "ókeypis línu" til frambúðar, án þess að notandinn smitist af radióþættinum."



Þessi þáttur félagsstarfsins hefur alla burði til þess að verða mjög spennandi og gæti sennilega orðið til þess að fjölga unglungum í okkar röðum.

Magnari

Bjarni Magnússon TF3BM færði félaginu að gjöf forlata magnara sem gefur út 1kw þessi magnari var notaður í cqww contest í lok nóvember og reyndist afburðavel en í þeirri keppni náðust yfir 2 milljón punktar og er það vafalítið magnaranum að

þakka.. Fyrir hönd IRA vil ég þakka Bjarna þessa góðu gjöf

Vegna breytinga á reglum félagsins verður ekki aðalfundur fyrr en í maí nk. Félagsmenn eru hvattir til þess að gera skil á félagsgjöldum sínum fyrir yfirstandandi ár.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári.

Fundargerðir stjórnarfunda

Stjórnarfundur ÍRA 3. 11. 1999 að Gunnarsbraut 36 kl. 20:30

Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3WOT og TF3VS; TF3TXT kom um kl. 21:30

1. Bréf liggur fyrir frá Landsbanka Íslands þar sem fram kemur að félagsmönnum sem ekki hafa greitt árgjald síðasta árs hafi verið eytt úr félagakerfi bankans. Gjaldkera falið að hafa samband við bankann og banna slík vinnubrögð. Í framhaldi af þessu var rætt um innheimtumál og aðferðir við þær, en ábending hefur borist frá TF5BW þar sem hann leggur til að félögum verði gefinn kostur á að láta færa félagsgjaldið sjálfvirk á greiðslukort. Gjaldkera falið að kanna möguleika á slíku og jafnframt kostnað félagsins við að fá samning við greiðslukortafyrirtækin þannig að hægt verði að taka við greiðslum með 'kortastraúvél' þegar það hentar. Þá hefur einnig borist kvörtun yfir því að innheimta árgjaldanna sé ekki tengd þjóðskrá þannig að greiðsluseðlar eiga til að fara á gömul heimilisföng og er gjaldkera falið að mælast til þess við bankann að því sé kipt í liðinn.

2. TF1MM, sem nú er búsettur í Ástralíu, hefur komið að máli við ýmsa félagsmenn og beðið liðsinnis við að fá gestaleyfi í Ástralíu. Formaður lýsir yfir óánægju með framgang málsins, sem hann telur að hefði átt að berast beint á bord stjórnar í stað þess að koma eftir krókaleiðum. Formaður prófnefndar hefur tjáð stjórnarmönnum að hann sé vel á veg kominn með að þýða yfirlit yfir prófkröfur til íslenskra amatöra á Ensku og er samþykkt að vísa málinu til prófnefndar ef það mætti verða til þess að gagnkvæm leyfi yrðu auðfengnari milli Íslands og Ástralíu.

3. Rætt um tillögur prófnefndar að stofni til nýrrar reglugerðar. Almenn ánægja virðist vera meðal félagsmanna um tillögurnar, þótt ýmsir vilji hnika einstökum atriðum og færa til áherslur. Athugasemdum verður safnað og málið skoðað nánar eftir næstu mánaðarmót.

4. Formaður greindi frá CQ WW SSB keppinni, helgina 30-31 okt. sl. sem félagið tók þátt í frá klúbbstöðinni í Próttheimum. Þau nýmæli voru að Pof gaf T-leyfishöfum tækifæri til að taka þátt og þáðu það þeir TF3MLT, TF3RJT, TF3VGT og TF3WOT, en auk þeirra voru þeir TF3AO, TF3GB og TF3HP í liðinu. Tókst býsna vel til, náðust tæplega 3500 sambönd sem gáfu rúmlega 2.300.000

punkta, sem virðist vera í fremstu röð. Nýttist nýfenginn magnari vel og hefur félagið fengið orð eftir keppnina fyrir góða framistöðu.

5. Lagt er til að keypt séu vönduð heyrnartæki með áföstum hljóðnema fyrir klúbbstöðina, auk vandaðs mors-lykils og er það einróma samþykkt.

6. QSL kort eru komin úr prentun, 4 gerðir: Almenn klúbbstöðvarkort, TF3IRA; Kort frá Knarrarósvita, TF1IRA; Kort frá Knarrarósvita, ómerkt (t.d. fyrir TF3IRA/1) og kort frá Úlfljótuvatni, TF1IRA. Kortin eru litprentuð og eru Knarrarós og Úlfljótuvatn með myndum af þeim stöðum.

7. Rætt um námskeiðsmál, ekkert hefur enn gerst í þeim efnum en nokkrir hafa haft samband við félagið og óskað eftir þátttöku. Samþykkt að taka á málinu með festu á næstu dögum og drífa námskeið af stað. Fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð ritaði TF3VS

Fyrirspurn

TF3VET vantar upplýsingar um UNIMETRICS SEA HAWK 25 MARINE FM TRANSCEIVER sem honum áskotnaðist nýlega. Sérstaklega hvort einhver hefði upplýsingar um hvernig hægt væri að breyta henni fyrir 2 metra. Kristal stærðir og fleira. Hafið samband við Sveinbjörn ef einhver hefur einhverjar upplýsingar.

GÖMUL CQ TF BLÖÐ

Á einhver félagi ÍRA gömul CQ TF blöð sem hann er tilbúinn til að lána ritstjóra til að hægt sé að koma þeim á tölvutækt form. Því eldri sem blöðin eru því betra. Hafið samband við Brynjólf Jónsson, TF5BW; Pósthólf 121; 602 Akureyri; sími 463-3058; tölvupóstur tf5bw@nett.is

Frá ráðstefnu IARU í Region 1 í Lillehammer, Noregi, dagana 19. – 24. september 1999

Í sjötta sinn sýndi ÍRA undirrituðum þann heiður að senda mig sem fulltrúa félagsins á alþjóðlega ráðstefnu IARU Region 1 í Lillehammer, Noregi, dagana 19. – 24. september 1999. Fyrir það er ég þakklátur, jafnframt sem ég hef leitast við af fremsta megni, að vera verðugur fulltrúi ykkar, nú sem endranær. Það væri takmarkað gagn af þeirri reynslu

stuttlega minnst á S25 og M-XXX, sem ber á góma í sumum viðtölunum. S25 er sú grein alþjóðaradíóreglugerðar ITU, sem fjallar um amatörradíóþjónustuna (<http://www.itu.int/radioclub/rr/arts25.htm>) og S25.5 er sú grein, sem fjallar um mors sem kröfu fyrir tíðnum undir 30 MHz. Til að gera langt mál stutt um hvernig fjallað var um



Fráfarandi stjórn IARU Region 1. Myndinátók TF3KB

og þeim sjóndeildarhring, sem þetta hefur gefið, nema ég miðlaði því áfram. Góður grundvöllur fyrir því hefur ekki ætíð verið fyrir hendi, en er að mínum dómi betri nú en nokkur tíma áður, því félagsstarfið er með meiri blóma en um langt skeið, félagsblaðið kemur út og rúm er í því fyrir ítarlega umfjöllun. Ég fór því á ráðstefnuna með þetta í huga, vopnaður stafrænni myndbandstökuvél, stafrænni myndavél og diktafóni og notaði þessi tól mikið allan tímann, svo haft var á orði hvað ég ætlaði að gera við þetta allt saman. Grundvöllur er því fyllilega fyrir ítarlegi umfjöllun í CQ TF. Ef þið sjáið eitthvað sambærilegt í öðrum amatörblöðum, látið mig vita. Þetta er bara í samræmi við þá “íslensku hefð,” að “skrifa norska sögu!” Tímafrekt er hinsvegar að vinna úr þessu og umfangið slíkt, að fyllt getur mörg kálfskinn.

Að þessu sinni takmarkast umfjöllunin við einkaviðtöl fyrir CQ TF við nokkra ráðstefnugesti ásamt ræðum frá lokahófi ráðstefnunnar. Til að slíta hlutina ekki um of úr samhengi verður hér aðeins

þessi atriði, þá var samþykkt tillaga, sem Svæði 2 og 3 voru búin að samþykkja, þannig að amatörradíóþjónustan á alheimsgrundvelli er tilbúin með samræmda afstöðu til breytinga á S25. Breytingartillagan felst í því, að S25 inniheldur ekki kröfu um mors, né aðrar kröfur fyrir því að fá amatörleyfi, heldur vísar í tilmæli (recommendation), sem ganga undir vinnuheitinu M-XXX, þar sem fram koma nánari skilgreiningar á kröfum. Misskilningur og óvissa kom upp um hvað þetta fæli í sér fyrir morsið. Morsið getur verið í M-XXX eða ekki, allt eftir því hvað ákveðið verður þar um síðar. Bein afstaða til morsins var því ekki tekin, en sveigjanleika er haldið til framtíðar.

Talsverð blokk samstöðu myndaðist um þessa málsmeðferð, sem erfitt reyndist að hafa áhrif á. Margir voru búnir að gera upp hug sinn um að svona skyldi þetta vera, en RSGB flutti tillöguna um M-XXX með stuðningi klappliðs, sem ugglaut hefur haft áhrif á afstöðu sumra, sem ekki voru fyrirfram

ákveðnir. Löng og ítarleg greinargerð þýska félagsins ásamt breytingartillögum féll dauð niður, en stærsta skarðið, sem höggvið var í þessa blokk, var íslensk tillaga um að bæta neðanmálgrein við M-XXX, sem segir að: “innihaldi M-XXX ekki ákvæði um að mors sé skylda, þá skuli morsinu haldið inni sem valkosti til að fá leyfi á HF böndunum, á þann hátt, að þeir sem vilji fá HF leyfi geti valið sjálfir hvaða kunnáttu í mismunandi útsendingaraðferðum þeir vilji leggja áherslu á.” Fyrir lokafundinn var ég búinn að fá stuðning margra félaga við þessa tillögu, þar á meðal norrænu félaganna. Þýska félagið hélt sérstakan morgunfund um tillöguna og einn klappaði á öxlina á mér eftir þann fund og sagði: “góð tillaga frá Íslandi, við styðjum hana.” Annar sagði, “þetta er það besta sem hægt er að gera í stöðunni.” Misskilningurinn hélt áfram þegar fundurinn hófst og héldu sumir að verið

væri að leggja til að leggja morsið niður, RSGB studdi engar breytingar á sinni fyrirfram teknu afstöðu, en öðrum þótti tillagan ekki tímabær. Að loknum nokkrum “orðahnippingum” var tillagan felld með 18 atkvæðum gegn 13, en verður til upplýsingar í frekari umræðu.

Aðalatriði málsins er alþjóðasamtök radíóamatöra, IARU, og svæðissamtök IARU í öllum heims- hlutum, Region 1, 2, og 3 hafa nú náð samstöðu um breytingartillögu á alþjóðareglugerðinni, sem varða skilgreiningu amatörradíóþjónustunnar S25. Tillagan verður kynnt í CEPT og á ráðstefnu ITU um þetta mál, sem sameiginlegt álit allra landsfélaga radíóamatöra í heiminum og er fyrsta skref til breytinga og mótunar á stöðu amatörradíós til framtíðar. Með því að tala einni röddu á alþjóðaráðstefnum, hámarka radíóamatörar áhrif sín í þá átt, að niðurstaðan verði amatörradíóþjónustunni hagstæð.

Einkaviðtöl CQ TF við nokkra ráðstefnugesti.



John Bazley, G3HCT, formaður RR-WG (Radio Regulatory Working Group)

John Bazley, G3HCT, hefur um skeið verið formaður CLG (Common License Group) vinnuhópsins innan IARU Region 1 um samræmingu leyfisveitinga, sem fékk nýtt nafn á ráðstefnunni og kallast nú RR-WG (Radio Regulatory Working Group).

Strax eftir að ráðstefnunni var slitið kom John Bazley, G3HCT, að fyrra bragði að máli við mig og vildi leiðrétta misskilning, sem hann taldi hafa komið fram í máli mínu í umræðum á ráðstefnunni. “Það var aldrei ætlunin, að fjarlægja morsið úr M-XXX,”

sagði hann, “samþykkt Ráðsins (AC, IARU Administrative Council) segir að lágmarks staðla verði að uppfylla. Samkvæmt því getur verið að hraði morsins lækki, en ekki að það verði lagt niður, við myndum aldrei fá amatöra til að samþykkja það nú.” Ég svaraði því til, að: “í íslensku tillögunni er hvergi minnst á að leggja morsið niður, en vegna þess að óljóst var hvort morsið væri inni í bresku M-XXX tillögunni eða ekki, því hvergi er á það minnst þar, þá hefði tillagan gengið út á, að ef morsið væri ekki inni í M-XXX, þá yrði það a.m.k. gert að valkosti. John sagðist virða ástæðuna og hugsunina að baki tillögunni, en sagði sitt sjónarmið vera að við yrðum að hafa sveigjanleika til framtíðar og hann væri nú fyrir hendi og sagði sitt álit, að morsið héldi áfram. Ég svaraði: “ég tel það einmitt vera sveigjanleika að hafa morsið inni sem valkost, því sum félög segja ungt fólk ekki hafa áhuga á því og því yrði að leggja það niður. En til er ungt fólk, sem sannanlega hefur áhuga á morsi, og þetta unga fólk ætti að fá einhverja umbun fyrir að læra það, þótt morsið yrði einhversstaðar lagt niður sem skilyrði. Því væri í íslensku tillögunni horft til beggja átta.” John svaraði: “það var aldrei ætlunin að fella morsið út. Ég er 99.999% CW maður. Ég var að reyna að gera alla ánægða og það er gríðarlega erfitt. Það var aldrei

ætlun mín að afvegaleiða fólk. Hafi litið út fyrir að svo væri, þá var það ekki ætlun mín.” “Ég sagði aðeins að nokkur ruglingur hefði verið meðal ráðstefnugesta um hvað tillögurnar þýddu, ég veit ekki hvers vegna,” sagði ég. “Það var diplómatiskt sagt,” sagði John og hló dátt og innilega. Áfram hélt ég og sagði: “t.d. skildist sumum ráðstefnugestum, á meðan á umræðu um S25 stóð, að morsið kæmi inn undir M-XXX,” “sem er rétt, en enginn spurði spurningarinnar” skaut John inn í. “En það er hvergi á það minnst,” sagði ég. “Rétt,” sagði John, “en það gæti verið þar, einhver sagði að það gæti verið undir tveimur liðum, en annar sagði þremur og það getur verið þar. Samþykkt Ráðsins segir mjög skýrt, að lágmarkskröfur skuli ekki lækka frá því sem við höfum nú. Nú er eftir að skilgreina þetta í M-XXX og ég held RSGB hafi gert það. Nú er það Ráðsins, á fundinum eftir þessa ráðstefnu, að taka við.” “En kynning RSGB á tillögunni var mjög andsnúin morsinu” sagði ég, en John svaraði: “hún hefði ekki átt að vera það, en ég get ekki sagt við þá sem kynna sínar tillögur, stopp! mér líkar ekki hvernig þú kynnir tillögu þína. Einhver gagnrýndi mig fyrir í dag og sagði, að fundarstjórinn ætti ekki að skýra út eða leiða, en það var ég að reyna að gera. Ef ég reyni að hjálpa, þá geri ég vitleysu og ef ég reyni að hjálpa ekki, þá geri ég líka vitleysu,” sagði hann og skellihló. “Ég skil aðstöðu þína, því þetta er mjög umdeilt og í skýringu með okkar tillögu segir að þetta hafi tilhneigingu til að skipta okkur í fylkingar, sem er ekki gott. Tillaga okkar reynir að draga úr þessu.” John sagði að lokum: “ef mér leyfist að segja það, þá var tillaga ykkar mjög góð, en hún var ekki tímabær að mínum dómi, við viljum láta örlítið meira vatn renna undir brúna.”

Síðar var haft sérstakt viðtal fyrir CQ TF við John Bazley, G3HCT:

TF3KB: Hver er bakgrunnur þinn.

G3HCT: Ég hef haft amatørleyfi síðan 1947 og starfaði mikið í tengslum við RSGB áður en ég byrjaði hjá IARU. Ég hef verið í mörgum nefndum RSGB og var forseti þess fyrir á árum og byrjaði að sækja IARU ráðstefnur árið 1975. Fyrir fjórum árum, þegar Japp, PA0TO lést, bað Lou, formaður Region 1 mig að taka við af honum sem formaður CLG vinnuhópsins. Á fyrri ráðstefnum hafði ég verið ritari hópsins. Þetta hentaði mér mjög vel á þeim tíma, því ég hafði farið á eftirlaun og á síðari árum verið í starfi fyrir RSGB, sem hafði mikið samband við yfirvöld í för með sér, var til margra ára formaður

ráðgjafanefndar RSGB um leyfismál (RSGB Licensing Advisory Committee). Þetta hentaði mér því fullkomlega. Þannig hóf ég afskipti mín af CEPT. Wojciech, SP5FM, bað mig að fylgjast með RR-WG hjá CEPT og því sem þar kynni að hafa áhrif á amatörradíó. Ég er þar á vegum IARU, en ekki Bretlandseyja. IARU hafði samband við formann vinnuhóps CEPT um reglugerðir (RR-WG) og bað um leyfi til að hafa áheyrnarfulltrúa þar, svo ég er áheyrnarfulltrúi á fundunum.

TF3KB: Er þetta gagnlegt fyrir okkur?

G3HCT: Já, mjög svo. Það gerir okkur mögulegt, að fylgjast með því sem er að gerast og einnig láta skoðun okkar í ljós. Auk þess, eins og þú þekkir, þá er mikið starf unnið utan nefndarinnar, yfir kaffibolla, eða hádegisverði. Þá er unnt að koma amatörsjónarmiðum að, áður en ákvörðun er tekin formlega á sjálfum fundunum. Þannig að þótt við séum aðeins áheyrnarfulltrúar, þá er okkur leyft að taka þátt, sem er frábært.

TF3KB: Hvert verðu nú framhald mála eftir samþykkt PS25 (Proposed S25) og M-XXX á þessari ráðstefnu?

G3HCT: Kristján, þetta er mjög áhugaverð spurning. Nú eru Region 1, 2 og 3 búin að koma sér saman um tillögu að orðalagi á S25 og það er undirnefnd í CEPT RR, sem hefur fengið það hlutverk að líta á S25 og koma með sameiginlegt Evrópskt álit í mars árið 2000. Ég verð áheyrnarfulltrúi í þessari undirnefnd og hef tækifæri til að koma álitum þessarar ráðstefnu til skila. Lykillinn að framtíðinni er nú fólgin í M-XXX, sem hefur eðlilega verið mjög umdeilt atriði á þessari ráðstefnu, þar sem margir fulltrúar hafa í raun og veru ekki skilið þann bakgrunn, sem þetta byggir á, þ.e. yfirlýsingu Ráðsins, eftir að fjórða FASC (Future of the Amateur Service Committee) skýrslan kom út, að viðmiðun amatörprófa verði í engu lægri en við höfum í dag. Þannig standa málin í dag. Tækifærið við að hafa ramma eins og M-XXX er að það gerir okkur fært t.d. innan CEPT að halda TR 61-02, sem fellur vel inn í þennan ramma. Undir þessum kringumstæðum mundi þetta ekki breyta TR 61-01. En það gerir öðrum yfirvöldum mögulegt að gera lægri kröfur en við höfum í CEPT. Þetta veitir því sveigjanleika til framtíðar.

TF3KB: Hvað ef CEPT samþykkir þetta?

G3HCT: Það sem CEPT er að reyna að gera, er að komast að sameiginlegri niðurstöðu fyrir öll CEPT löndin, hvert álit þeirra er á S25 áður en það kemur

upp á WRC (ITU World Radiocommunication Conference) ráðstefnu. Nú er áætlað að það verði árið 2003, en það er háð því, hvort rúm er fyrir það á dagskránni, og það kann að dragast. Það stöðvar okkur þó ekki að koma rammanum á réttan stað.

TF3KB: Verður farið með M-XXX hlið þessa máls á sama hátt?

G3HCT: Það er áhugaverð spurning, því nú höfum við samþykkt ákveðinn ramma um M-XXX hér á ráðstefnu í Region 1. Það verður rætt á fundinum í Ráðinu hér næstu 2 daga, og það verður mjög áhugavert að sjá, hvað kemur út úr því. Ef við lítum til baka til Region 2 ráðstefnunnar, þá lagði Ráðið það fyrir gömlu FASC nefndina, að gera uppkast að M-XXX fyrir þá og enn sem komið er hefur því ekki verið lokið. Ég er enn í þeirri FASC nefnd og við höfum enn ekki skilað uppkasti. Fyrsta uppástunga, sem samþykkt hefur verið á svæðisráðstefnu verður lögð fyrir Ráðið á næstu tveim dögum. Það verður að koma í ljós hvað þeir vilja gera, hvort þeir vilja bíða eftir FASC, en næsti fundur Ráðsins verður eftir ráðstefnuna í Region 3 að ári. Ég hef ekki hugmynd um hvað þeir vilja gera.

TF3KB: Hvað með mors spurninguna?


G3HCT: Morsið, eins og staðan er núna, er enn til staðar í M-XXX, eins og ég lít á málið. Ég sé morsið enn þar, en ég get sagt það við þig Kristján, að ég gat ekki lýst því yfir á ráðstefnunni. Þannig lít ég persónulega á málið hér og nú. Ég held að margar landsstjórnir vilji minnka mors hraðann niður í 40 eða 20 stafi á mínútu. Nú gerir TR 61-02 ráð fyrir 60 stafa hraða á mínútu og við verðum að gæta okkar að eyðileggja það ekki þá margra ára vinnu, sem tók að koma þessu á. Bandaríki Norður Ameríku samþykktu nýlega TR 61-01 og við erum enn að reyna að fá Ástralíu til þess. Vandamálið þar er í lagasetningu Ástrala, sem er miður, því henni þarf að breyta áður en þeir geta samþykkt TR 61-01 að fullu. En þeir hafa stigið fyrsta skrefið. Þeir hafa samþykkt TR 61-02, sem er tæknihlutinn. David Wardlaw, sem ég ræddi þetta nýlega við hér á ráðstefnunni vinnur ötullega að því að koma síðustu hindrun úr vegi. Það yrði enn ein meiriháttar blokkinn, sem samþykkti CEPT rammann, sem er mjög gott mál.

G3HCT: Ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér, en það er mikilvægt að TR 61-01 ramminn haldist. Það gerir stórum hópi radióamatöra kleift að ferðast til annarra landa og nota tæki sín án þess að þurfa að sækja um leyfi og það er frábært kerfi.

TF3KB: En nú var sagt að skilgreiningin á M-XXX verði mál hvers lands, hvaða áhrif hefur það á kerfið?

G3HCT: Það er mál CEPT. Ef CEPT ákveður að breyta Tr 61-02, sem er HAREC (Harmonised Amateur Radio Examination Certificate), sem þetta er byggt á, og minnka kröfurnar úr 60 stöfum niður í 20 stafi á mínútu í Harec, þá myndi TR 61-01 miðast við 20 stafa hraða á mínútu upp frá því. En þetta yrði allt innan rammans og við ættum að gera allt sem við getum til að halda rammanum.

Að lokum bið ég þig að færa félögum ÍRA mínar bestu þakkir fyrir gestrisnina, sem ég varð aðnjótandi, þegar ég sótti Ísland heim vegna CEPT fundarins.



Larry E. Price, W4RA, forseti IARU

Forseti IARU hefur í mörg horn að líta, ferðast mikið og víða um heim, til að fylgjast með og gæta hagsmuna radióamatöra og koma fram fyrir þeirra hönd. Eftir Lillehammer var næsta mál á dagskrá hjá honum að fara til Genfar og vera 12 daga á sýninguna TELECOM 99 hjá ITU, en þar var IARU með sýningarbás. Þar sem fáir hafa sambærilega innsýn í samhengi tillagna, mála og meðferðar þeirra lagði CQ TF sérstaka áherslu á að ná tali af honum og spurði að venju fyrst hvernig hann hefði fengið áhuga á amatörradíó. W4RA: Ég fékk fyrst leyfi 1951, þegar ég var 16 ára. Það var rétt eftir að reglunum hafði varið breytt, og nýliðapróf innleitt í fyrsta sinn með 25 stafa hraða á mínútu í morsi. Þetta leyfi gildi aðeins í eitt ár og var óendurnýjanlegt og hafði þannig innbyggðan

hvata til herra prófs. Með tímanum náði ég öllum tilskyldum prófum fyrir US Extra Class leyfi og hef verið leyfishafi samfelld síðan 1951. Vegna áhuga míns á amatörradíói lauk ég háskólaprófi í rafmagnsverkfræði og hóf störf sem slíkur. Síðar fór ég inn á aðrar brautir í starfi og varð viðskiptafræðingur að auki.

Lauk MBA (Master of Business Administration) með stjórnun sem aðalgrein (management major) og Ph.D. með fjármál sem aðalgrein (finance major). Eftir að hafa starfað sem prófessor og deildarforseti við Georgia Southern University fór hann á eftirlaun 1991 og er nú heiðursprófessor (Emeritus Professor of Finance and Economics).

TF3KB: Hvaða störfum hefurðu gegnt fyrir amatörrhreyfinguna?

W4RA: Ég hef starfað fyrir ARRL samfleytt sl. 27 ár, sem deildarstjóri, annar varaforseti, fyrsti varaforseti og var forseti ARRL í 8 ár. Þá var ég varaforseti IARU í 8 ár, ritari IARU og nú forseti IARU síðan í maí 1999. Hef verið fulltrúi IARU á öllum WRC (ITU World Radiocommunication Conference) og TDC (ITU Telecommunication Development Conference) ráðstefnum síðan 1992 og mörgum öðrum ITU fundum.

TF3KB: Geturðu skýrt fyrir lesendum CQ TF í stuttu máli hvernig IARU er skipulagt?

W4RA: Ríkjandi aðili (governing body) IARU er Ráðið (AC, Administrative Council), sem skipað er tveimur fulltrúum úr hverju hinna þriggja svæða (Region 1, 2 og 3), venjulega forseti og ritari svæðanna. Til viðbótar eru í Ráðinu þrjú embættismenn, forseti, varaforseti og ritari, þannig að alls eru í Ráðinu 9 atkvæðisbærir fulltrúar. Ráðið mótastefnu IARU og samræmir vinnu svæðanna þriggja. Hvert svæðisfélag (IARU Region 1, 2 og 3) er sjálfstæður aðili með eigin stjórnarskrá, lög, embættismenn og ráðstefnur þriðja hvert ár.

TF3KB: Hvenær telur þú, að S25 komi á dagskrá hjá ITU WRC?

W4RA: S25 er ekki á dagskrá WRC 2000, sem haldin verður í Istanbul í maí árið 2000. Næsta WRC ráðstefna þar á eftir hefur ekki verið tímasett, en verður líklega ekki fyrr en einhverntíma árið 2003, og e.t.v. önnur á eftir henni árið 2005.

TF3KB: Hvaða mál mun IARU leggja áherslu á?

W4RA: Það eru tvö mál sem verða amatörradíóþjónustuna miklu og IARU mun leggja áherslu á og þau eru S25 og samræming 7 MHz bandsins, þótt

e.t.v. sé ekki heppilegt að bæði þessi mál komi til umfjöllunar á sömu ráðstefnunni. Ef tækifæri gefst til að hafa áhrif á hvenær þau verða tekin fyrir, vildi IARU heldur fást við þessi tvö mál á mismunandi tímum. Hvenær sem ITU ákveður að taka þau fyrir, er IARU hinsvegar tilbúið að bregðast við. Stefna IARU er að þarfir amatörradíóþjónustunnar fyrir tíðnisvið kringum 7 MHz bandið séu 300 kHz ríkjandi úthlutun á alheimsgrundvelli. Hvað varðar grein S25, þá lítum við ekki svo á að hún snúist eingöngu um morsíð, heldur sé möguleiki til endurbóta á ýmsum sviðum, þar á meðal hvað varðar samskipti þriðja aðila og samræmingu leyfisveitinga m.t.t. krafna til á alþjóðagrundvelli. IARU telur nú að skynsamasta leiðin til að fást við þetta mál, sé að flytja yfir í ITU-R tilmæli (Recommendation), sem vísar til í radíóreglugerðinni, þau mál er varða tækni- og starfrækslukuröfur fyrir því að fá radíóamatörleyfi. Þessi tilmæli mundu hafa lagagildi eins og málum er háttað nú, því þau yrðu skuldbindandi tilmæli. En M-XXX eins og við köllum það, mundi verða tekin fyrir á öðrum vettvangi en WRC, t.d. í radíósamkomunni (Radio Assembly), þar sem IARU gæti haft meiri tækifæri til áhrifa. Þetta er leiðin framundan, eins og lagt var til í IARU nefnd og samþykkt af Ráðinu.



Dave Sumner, K1ZZ, aðstoðarframkvæmdastjóri og ritari ARRL og ritari IARU

CQ TF rétt náði að króa K1ZZ af í einu kaffihléinu, og því var samtalið stutt.

TF3KB: Hver er fjöldi leyfishafa og fjöldi félaga í ARRL?

K1ZZ: Í Bandaríkjunum erum um 680.000 leyfishafar. Þar með eru taldir þeir sem annaðhvort eru ekki lengur virkir og sumir jafnvel látnir, því leyfið gildir í 10 ár, þannig að FCC hefur fólk í sínum gagnagrunni í 10 ár frá endurnýjun leyfis. Í ARRL eru nú um 162.000 félagar.

TF3KB: Getur þú sagt okkur í stuttu máli frá sambandi ykkar við yfirvöld og hver eru aðal viðfangsefnin.

K1ZZ: Það yfirvald, sem við eigum mest samskipti við er FCC (Federal Communications Commission). FCC ber ábyrgð á fjarskiptamálum annarra en ríkisins, sem þýðir að þeir bera ekki ábyrgð á fjarskiptamálum alríkisins, það er sérstök stofnun, sem sér um það. FCC hefur að sjálfsögðu marga hagsmunaaðila á sinni könnu, útvarpsstöðvar, fjarskiptafyrirtæki, PCS o.s.frv. Amatörradíóþjónustan er aðeins lítt hluti af því sem þeir fást við. Við höfum gott samband við FCC, þótt stundum sé erfitt að halda athygli þeirra, því hún beinist að svo stórum málum öðrum, sem hafa áhrif á efnahagslífið.

TF3KB: Í hvaða höfuðátt er ARRL að reyna að hreyfa reglugerðarmálum til framtíðar?

K1ZZ: Aðalstefna FCC yfirhöfuð er reglugrisjun (deregulation), svo okkar viðfangsefni er að sú reglugrisjun skaði ekki amatörradíó.

TF3KB: Hvernig tekst ARRL að fá ungt fólk til að ganga í félagið?

K1ZZ: Það er erfið spurning, við náum nokkrum árangri, en þetta er mál, sem við þurfum að ná mun betri árangri í en nú. Meðal þeirra hluta sem ganga vel eru Jamboree í loftinu, það er mjög vel heppnaður viðburður í október á hverju ári. Við erum nú með verkefni, sem gengur út á að láta börn tala við önnur börn í loftinu nokkrum sinnum á ári undir umsjón leyfishafa. Við hvetjum radíóklúbba í skólum á margan hátt. Við hvetjum ungt fólk, sem áhuga hefur á amatörradíó að tengjast hvert öðru gegnum netið og í loftinu, því skiljanlega vilja krakkar tala við aðra krakka, frekar en gamalt fólk eins og þig og mig. Það eru talsvert víðtæk leyfi til að senda kveðjur og boð fyrir þriðja aðila, þó ekki í atvinnuskyni, það er algerlega bannað.

TF3KB: Er félagatalan á upp- eða niðurleið?

K1ZZ: Félagatalan hefur haft tilhneigingu til að fara niðurávið síðastliðin tvö ár, en við höfum haldið í horfinu það sem af er þessu ári. Þetta er eins og spurningin hvort glasið er hálfómt, eða hálf fullt. Við

áttum von að fækkunin yrði meiri í ár en hún hefur orðið, svo við erum ánægðir, þó tilhneigingin hafi verið niðurávið.

TF3KB: Hvað með fjölda leyfishafa?

K1ZZ: Fjöldi leyfishafa stendur í stað eins og er, en það þýðir fækkun nýrra leyfishafa, því þetta hafði verið á uppleið um nokkurt skeið. Þetta er einnig þróun, sem við þurfum að snúa við.

TF3KB: Hvernig lítur þú á spurninguna um mors í framtíðinni?

K1ZZ: ARRL hefur stutt lækkun á þeim morshraða, sem standast þarf til að fá leyfi á HF, en ARRL hefur ekki til þessa stutt að krafan verði felld niður. Þetta er umdeilt atriði meðal amatöra í Bandaríkjunum eins og í öðrum löndum, svo ég er viss um að umræðan heldur áfram.



Tom Victor Segalstad, LA4LN, forseti NRRL

Tom Victor er mörgum íslenskum radíóamatörum að góðu kunnur, starfar sem jarðfræðingur við Oslóarháskóla, þekkir vel til Norrænu Eldfjalla-stöðvarinnar, hefur komið margoft til Íslands og hefur skoðanir á CO₂ og gróðurhúsaáhrifum líkt og TF3OM (<http://www.rt.is/ahb/sol/>), eins og sjá má á <http://www.uio.no/~tomvs/>, sem einnig má finna frá <http://www.segalstad.com/>.

TF3KB: Hvernig byrjaði áhugi þinn á tækni og radíó?

LA4LN: Ég man að þegar ég var líklega þriggja ára, þá var mér gefinn kassi með íhlutum, sem hét

litli rafvirkinn. Þar var rafflaða, leiðslur, pera, dyra-
bjalla o.fl., sem tengja mátti saman á marga mis-
munandi áhugaverða vegu fyrir lítinn dreng. Í þá daga
hlustuðum við mikið á útvarp. Við áttum stofutæki,
sem náði miðbylgju og stuttbylgju. Á því sneri ég
sífellt hnöppum og hlustaði. Þar heyrði ég
radíóamatöra, sem í þá daga notuðu styrkmótun, og
við náðum þeim ágætlega á þetta tæki. Þetta fannst
mér mjög spennandi. Þetta var skömmu eftir 1950
og ég man að ég sendi mitt fyrsta hlustkort til
radíóamatörs í nágrenninu, um að ég hefði heyrt hann
á styrkmótun. Foreldrar mínir höfðu sagt mér, að ef
ég sendi hlustkort, fengi ég QSL kort til baka, en
það fékk ég aldrei. Ég sagðist ætla að verða radíó-
amatör og ég skyldi leggja mikla áherslu á að svara
hlusturum, því það væri mjög mikilvægt.

TF3KB: Hve gamall varstu þá?

LA4LN: Ég var þriggja til fjögurra ára. Ég man þetta
mjög vel, því við fluttum þegar ég var fjögurra og
hálfis árs og þetta var áður en við fluttum. Þá þegar
var ég ákafur stuttbylgjuhlustari. Síðar breyttu
radíóamatörar um útsendingaraðferð og fóru að
senda SSB. Ég varð að útvega mér slagvaka, til að
ná þeim. Ég fékk þá hugmynd að setja ferðaútvarp
ofan á stofutækið og stilla það inn á örlítið aðra tíðni,
og þannig fékk ég slagvaka og gat hlustað á
radíóamatörana, bæði á morsi og SSB. Ég varð skáti
mjög snemma og við urðum að læra morsstarfrófið
til að ná vissum gráðum. Ég hafði mikinn áhuga á
radíó- og rafeindatækni og faðir minn einnig, en
foreldrar mínir sögðu að ég yrði að ljúka skólanámi
áður en ég yrði radíóamatör, því þau sáu fram á að
þetta myndi gleypa mig, ef ég fengi amatörleyfi. Mjög
skynsamlegt, mjög skynsamlegt, því menntun verður
maður einnig að hafa og ég mæli eindregið með því
að maður ljúki skólanámi fyrst. Ég hóf nám við
háskóla og í einu jólaleyfi, þegar ég hafði nánast lokið
námi mínu, byrjaði ég að búa mig undir amatørpróf.
Í þá daga voru próf á sérstökum dögum og maður
varð að fara til sérstaks prófanda. Ég sótti um próf
2. janúar 1970. Ég réð vel við tæknina, en morsið
varð ég að æfa betur, því ég var á 40 stafa hraða,
en varð að ná 60. Ég fékk lánað segulband og æfði
öll jólnin 1969, ég æfði og æfði a.m.k. fjóra tíma á
dag í hálfan mánuð. Þegar ég kom til prófs 2. janúar
og prófandinn kemur til dyra segir hann: “Ég vona
að þú sért betri en sá sem var á undan þér, því hann
varð ég að senda heim aftur í einum grænum.” Þetta
virkaði ekki mjög vel sálfræðilega. Þetta var langt
próf, ég held það hafi tekið fjóra og hálfan tíma.

Fyrst var skriflegt tæknipróf, síðan munnlegt og síðan
morspróf. Þetta gekk allt vel. Ég held ég hafi ekki
komið nálægt jörðinni á leið heim, heldur flaug ég
yfir henni og sagði föður mínum að ég hefði náð
radíóamatörprófi og hann var mjög stoltur. Eftir á
frétti ég að þetta var verstí prófandinn í Osló, og
gekk undir nafninu slátrarinn. Þegar menn fréttu að
ég hefði komist í gegn hjá slátraranum, kom það
þeim vel fyrir sjónir.

TF3KB: Fyrsta sambandið?

LA4LN: Ég hafði sambönd á tali frá klúbbstöð, ég
þorði ekki á mors, þó ég hefði æfði mig upp í 80
stafa hraða á mínútu. Eftir fyrsta sambandið var einn
sem kallaði á mig á morsi, ég heyrði greinilega að
hann kallaði á mig, en lét sem ég heyrði hann ekki.
Hann gaf sig ekki og hélt áfram að kalla á mig á
morsi. Þá miskunnaði ég mig yfir hann og fannst
óviðeigandi að svara á tali, svo ég svaraði honum á
morsi. Þetta var norsk stöð og mitt fyrsta QSO á
morsi. Það kom í ljós að hann var QRP, með aðeins
3 wött og það versta var að hann kom á tal á eftir,
það fannst mér vandræðalegt. Ég sagði honum að
þetta væri mitt fyrsta morssamband og hann hrósaði
mér mikið og sagði að þetta hefði gengið mjög vel.
Nú hef ég haldið þessu áfram í 30 ár og hef mörg
morssambönd á hverjum einasta degi, svo þetta er
dálítið annað, en ég reyni alltaf, ef mögulegt, að
svara þessum veiku hægfara stöðvum, og hugsa þá
til baka, til míns fyrsta morssambands. Fyrsta
sambandið frá eigin stöð var þannig, að ég hafði sett
krystalla í labbrabtbæki og náði sambandi á AM
við stöð í Azerbajan með hálfis watts útafli.

TF3KB: Síðan verður þú virkur meðal radíóskáta?

LA4LN: Já, ég var skáti áður en ég varð radíó-
amatör, og tók þátt í Jamboree on the Air, sem skáti,
en var ákveðinn að verða radíóamatör og hef verið
virkur radíóskáti alla tíð. Ég var foringi LC1J á
alheims-Jamboree, sem haldið var í Lillehammer,
Noregi árið 1975, það var líklega það hæsta sem
hægt var að komast sem radíóskáti.

TF3KB: Hve lengi hefur þú verið forseti NRRL?

LA4LN: Ég hef verið forseti NRRL í eitt ár, var
kosinn í ágústbyrjun í fyrra til tveggja ára. Síðan
verður framhaldið að koma í ljós, það eru miklar
líkur að ég gefi ekki kost á mér aftur, því ég hef
mjög mikið að gera í minni vinnu. Það voru sérstakar
ástæður til að mjög var skorað á mig að gefa kost á
mér.

*TF3KB: Nú er NRRL nýbúið að skipuleggja og sjá
um IARU Region 1 ráðstefnu. Hvaða lærdóm viltu*

draga af því?

LA4LN: Lærdómurinn, sem ég vil draga af því, er að maður verður að hafa mjög sterka skipulagsnefnd, því það er skipulagsnefndin, sem dregur hlassið. Við vorum mjög meðvitaður um að við vildum hafa sterka skipulagsnefnd, þannig að rekstur NRRL myndi ekki líða fyrir. Það kemur í ljós hvort okkur hefur tekist það, en skipulagsnefndin er skipuð einstaklingum, sem hafa reynslu af fyrri IARU Region 1 ráðstefnum. Það eina sem við náðum ekki að gera í þeim mæli sem ég hefði óskað, var útvegum kostunaraðila. NRRL verður því fyrir meiri útgjöldum, en við vonuðumst til, en þó innan fjárhagsáætlunar. Þetta er e.t.v. ekki eins auðvelt og áður var, þó við höfum leitað til radíóamatöra í lykilstöðum í sterkum grónum fyrirtækjum, þá hefur það ekki gengið eins og við vonuðumst til. Við höfum fengið þó nokkuð, og ég er ánægður með það sem við höfum fengið, en ég hafði vonast eftir meiru. Annars virðist framkvæmdin hafa tekist vel og skipulagsnefndin á skilið mikið hrós fyrir það sem þeir hafa gert. Við fengum mjög góð ummæli við ráðstefnuslit í gær og erum ánægðir með það. Okkar takmark var að framkvæma þetta án þess neinn hefði yfir neinu að kvarta og það held ég hafi tekist. Eina kvörtunin sem fram hefur komið, er dýrt áfengi í Noregi, en það er ekki hægt að kenna skipulagsnefndinni um.

TF3KB: Hvað viltu segja um málefnaumræðuna á ráðstefnunni?

LA4LN: Vegna þess að við vorum með tillögur bæði í HF og VHF vinnuhópunum, en engan VHF-stjóra, þurfti ég að hlaupa fram og til baka. Síðan var mjög óheppilegt, að Alf Almedal, LA5QK, HF-málastjóri IARU Region 1, þurfti að gangast undir uppskurð á sjúkrahúsi, sem við fengum að vita fyrir hálfum mánuði. Við þurftum því að endurskipuleggja okkur og Ole Garpestad, LA2RR, taka við fundarstjórn í HF málum. Annríkið jókst við þetta. Almennt um umræðuna vil ég segja að hún var málefnaleg og stýrt af mjög hæfum einstaklingum. Gerðar hafa verið samþykktir, sem eru mikilvægar fyrir framtíð amatörradíós og ráðstefnan því mikilvæg að mínum dómi.

TF3KB: Og það var ágætt að fá LA2RR inn í stjórn IARU Region 1.

LA4LN: Já, það var gott, en ekki einungis það, heldur einnig að fá LA9NT inn í ráðgjafahóp í fjármálum IARU Region 1 og einnig sérstaka viðurkenningu til handa LA5QK, þannig að tekið var eftir

þátttöku NRRL í sjálfri ráðstefnunni, ekki aðeins sem skipuleggjanda. Nokkur af þeim málum, sem við beittum okkur fyrir náðu ekki í gegn, en önnur voru samþykkt og þannig er það alltaf. Við vorum með fjórar tillögur. Tvær voru samþykktar með lófataki, ein var felld á aðeins einu atkvæði, en eina drógum við til baka. Okkur finnst því að við höfum einnig náð málefnaárangri á ráðstefnunni. Starfið heldur áfram og koma verður í ljós, hvað við getum gert á næstu ráðstefnu.

TF3KB: Hvernig er samband ykkar við yfirvöld?

LA4LN: Við höfum alltaf álitnið mikilvægt að halda góðu sambandi við þau, til að halda okkar amatörtíðnum og mögulega fjölga þeim, eins og Robert Jones, forstjóri ITU-R (VE3CTM), sagði í gær, að það sem hann hefði upplifað frá hendi radíóamatöra stuðlaði að því að þeir héldu tíðnum sínum og fengju líklega fleiri. Við vonum að af því verði. Við höldum góðu sambandi við Post og Teleilsynet í Noregi. Framkvæmdaðili þar er Trond Olsen, LA8XM, og við höfum fund einu sinni á ári með honum og hans yfirmanni Geir Sunde. Þeir leita ráða hjá okkur og við hjá þeim og höldum góðu sambandi og það vona ég að haldi áfram.

TF3KB: Getur þú sagt okkur frá neyðarfjarskiptamálum og FORF?

LA4LN: Já, FORF (Frivillige Organisasjoners Redningsfaglige Forum) er vettvangur frjálsra félaga í hjálpar- og björgunarsveitamálum. Þetta er starfsemi, sem viðurkennd er af norska dómsmálaráðuneytinu og fær fjárstuðning frá fjármálaráðuneytinu. Við höfum verið beðnir um að sjá um viðbúnaðarfjarskipti í tengslum við 2000 vandann í Noregi. Þetta starf er nú hafið og við álitum það mikilvægt að geta látið samfélaginu þjónustu í té. Við erum með mörg hundruð radíóamatöra á skrá, sem geta látið sín tæki í té og við eigum að sjá um sambönd frá aðalhljálparstöðvunum, einni í Suður-Noregi og annarri í Norður-Noregi til lögreglustöðvanna í Noregi. Það eru mikilvægustu samböndin, sem við eigum að sjá um, en auk þess eru nokkur minni. Þetta verður kringum áramótin, þegar norðurljós eru venjulega algeng. Þessvegna höfum við nokkrar áhyggjur af því að við náum ekki þeim HF samböndum, sem við þurfum. Þessvegna höfum við nú styrkt alla okkar endurvarpa og pakkvahnúta með vararafmagni og rafhlöðum o.s.frv. svo við notum þetta tækifæri til að styrkja amatörradíósamböndin allsstaðar í Noregi.

TF3KB: Fara þessi sambönd alfarið fram á

amatörtíðnum og eru þau eingöngu framkvæmd af leyfishöfum?

LA4LN: Já, þetta fer eingöngu fram á amatörtíðnum og radíóamatörar sjá einir um samböndin með radíóamatörtækjum. Það sem yfirvöld hafa beðið okkur um að gera, er að setja okkar stöðvar upp í stjórnstöðvum lögreglustöðvanna, í stjórnstöðvum aðal hjálparstöðvanna, þannig að amatörstöðvarnar eru settar upp þar sem skilaboðin eiga upptök sín. Síðan eru skilaboðin send frá einni stjórnstöð til annarrar, að öllu leyti fyrir milligöngu radíóamatöra og tækjabúnaðar þeirra.

TF3KB: Hvaða útsendingartegundir eru notaðar?

LA4LN: Við notum allar aðferðir og öll tæki, sem að notum mega koma til að fullnægja þörfum skjólstaðinga okkar. Í fyrstu umferð er notað tal, en síðan er morsið tilbúið, ef það er nauðsynlegt til að koma skilaboðunum í gegn. Einnig er mögulegt að nota Pactor á mikilvægustu stöðunum, því þá getum við send skrifuð skilaboð á milli og yfirfært gagnaskrár, ef villulausra sambanda er þörf. Við erum tilbúnir í þessu sambandi, að nota pakkvaksambönd á VHF og UHF, en einnig á HF, ef þess gerist þörf.

TF3KB: Eru þetta sambönd yfir langar vegalengdir?

LA4LN: Mikilvægasta sambandið er milli Norður- og Suður- Noregs, til að tengja saman aðalstjórnstöðvarnar tvær. Önnur er í Bodö og hin við Stavanger, við Sola. Fjarlægðin er líklega yfir þúsund kílómetrar.

TF3KB: Viðbúnað við hverju er aðallega um að ræða?

LA4LN: Þeir óska eftir því, að við séum til staðar á mikilvægustu stöðunum, þannig að í stað þess að halda upp á áramótin með fjölskyldunni, þá höfum við sett upp stöðvar á viðkomandi stjórnstöðvum. Radíóamatörar munu vera til staðar á mikilvægustu stjórnstöðvunum ásamt lögreglu og öðrum, sem þara hafa eitthvað að gera, og einnig er varalið radíóamatöra, sem getur komið inn, ef nauðsyn krefur. Þetta snýst um 2000 vandann, Y2K, þ.e. að ef slys yrði á sama tíma og t.d. farsímakerfið, rafmagnið, útvarpsstöðvar væru niðri, þ.e. ef hin opinberu kerfi brygðust, þá er hugmyndin að radíóamatörar geti annast fjarskipti, þar sem þörfin er mest, milli aðalstjórnstöðvanna, lögreglustöðvanna og mikilvægustu aðila samfélagsins.

TF3KB: Er þetta tímabundið verkefni, eða

verður framhald á þessu?

LA4LN: Við erum nú þegar með viðbúnað til að annast fjarskipti í neyðartilvikum. Það skipulag er tilbúið, en 2000 vandinn er sérstakt verkefni nú. Við reiknum þó með, að þegar það er afstaðið, þá verðum við betur í stakk búnir að leysa önnum skyld verkefni í framtíðinni, því við yfirförum nú allar okkar venjur, allar skipulag, allan tækjabúnað, útvegum varaafli o.s.frv.

TF3KB: Er hinn almenni radíóamatör tilbúinn að gefa kost á sér?

LA4LN: Við vinnum nú að því að hvetja þá til þess, og talsvert fleiri radíóamatörar sjá nú betur en áður mikilvægi þess, sem þeir hafa verið að gera og möguleika þess fyrir samfélagið. Það verða fundir í byrjun október með aðalstjórnstöðvunum og ráðuneyti almannavarna, sem er æðsta yfirvald í viðbúnaðarmálum. Við höfum einnig verið í sambandi við aðra hjálparaðila. Niðurstaða fundanna verður send okkar félagsmönnum og við reiknum með að það hvetji þá enn frekar til þátttöku, þegar þeir sjá alvöru málsins og að samfélagið óskar eftir framlagi þeirra í neyðarfjarskiptum. Þegar ég var í Bandaríkjunum, fengu amatörar í neyðarfjarskipta-sveitunum RACES sérstakt neyðarfjarskipta-skírteini, til að greiða götu þeirra við að gegna sínu hlutverki, og gerði þeim t.d. mögulegt að komast í gegnum lögregluhindranir o.þ.h. Við höfum látið gera rauð endurskinsvesti, sem auðkenna radíóamatöra í þessum tilgangi, en ég ætla að leggja til í FORF, að gert verði sérstakt skírteini að auki, sem ég vona að hvetji til þátttöku, ef skírteinið verður gefið út t.d. af dómismálaráðuneytinu.

TF3KB: Hvernig er þetta skipulagt að öðru leyti?

LA4LN: Við erum með mjög virka neyðarfjarskiptastjóra, einn í Suður-Noregi og annan í Norður-Noregi. Þeir eru tengiliðir við stjórn NRRL og starfa einnig með neyðarfjarskiptastjórum í hverjum af hinum 80 klúbbum NRRL um land allt, sem starfa með einstökum félagsmönnum. Þetta virkar mjög vel og samstarfið er árangursríkt. Við fáum styrki frá yfirvöldum til kennslu í þessari neyðarfjarskiptaþjónustu, til að halda námskeið, gefa út kennslugögn o.þ.h. Þetta er allt í mjög góðum farvegi að okkar dómi, og heldur að sjálfsögðu áfram. Verkerfið vegna 2000 vandans er síðan enn frekari hvatning til dáða.



Karl E. Vögele, DK9HU, forseti DARC, þýska félagsins

CQ TF bað forseta þýska félagsins, DARC, að segja fyrst, hvernig áhugi hans hefði byrjað. Einnig kom Hans Berg, DJ6TJ, aðalráðgjafi hans inn í samtalið.

DK9HU: Það byrjaði, þegar ég var lítill og sá tvær holur á veggnum, þar sem rafmagnið kom út. Ég ályktaði, að rafmagnið ætti að fara úr annarri holunni í hina og það varð mikill hvellur, þegar ég hjálpaði því þá leið, og nú er ég forseti DARC.

TF3KB: Það þarf ekki að vera flókið að vekja áhugann?

DK9HU: Já, það er rétt. Krakkar ákveða e.t.v. á unga aldri í skóla, hvert verður aðaláhugamál þeirra í lífinu.

TF3KB: Við þurfum að spyrja unga fólkið sjálf, hvað er áhugavert og hvað ekki, því við höfum gleymt því sjálfir, en ekki spyrja okkur sjálf, þegar við leitum skýringa á hversvegna það sækir síður í amatörradíó nú en áður.

DK9HU: Þetta er erfitt í dag, því að eru svo margt annað, sem vekur áhuga,

DJ6TJ: Minn áhugi byrjaði með afturverkunartæki, sem ég gat látið ískra yfir í viðtæki nágrannans.

DK9HU: Nú eru svona tæki bara á söfnum og fátt í rafeindatækjum dagsins í dag, sem tengist amatörradíói.

DJ6TJ: Síðar sáum við ameríska hermenn, sem voru að tala hverjir við aðra með handstöðvum. Við krakkarnir reyndum að herma eftir þessu og fengum okkur slöngu, vatnsslöngu, settum dósir á hvorn enda og töludum inn í þær og gátum þannig talað

saman yfir nokkra vegalengd. Síðar komst ég yfir radiódót, sem hermenn höfðu skilið eftir.

TF3KB: Hve margir eru leyfishafar og hve margir í þýska félaginu og hve mörg eintök af blaðinu eru send út?

DK9HU: Það eru um 80.000 leyfishafar í Þýskalandi og af þeim eru um 56.000 í félaginu okkar, DARC (Deutscher Amateur Radio Club). Blaðið okkar CQ DL kemur út í 58.000 eintökum, 2-3 þúsund amatörar í öðrum löndum fá blaðið. Þetta er tækniblað, auk þess að vera með upplýsingar um reglur og félagsmál.

TF3KB: Hvernig er félagið skipulagt?

DK9HU: Félagið samanstendur af um 1000 lókal klúbbum, að meðaltali með um 50 félagsmönnum. Síðan höfum við 21 sambandsvæði í Þýskalandi, sem ná yfir sambandslandssvæðin, sem hafa sínar svæðisstjórnir. Fulltrúar sambandsvæðanna mynda stjórn DARC ásamt formanni.

TF3KB: Svo starfsemi félagsins er lagskipt: í klúbbunum, í sambandsvæðunum og í landsfélaginu?

DK9HU: Já, starfsemi einstakra félagsmanna er í lókal klúbbum og hvert sambandsvæði getur haft 50-60 slíka klúbba. Í þessum klúbbum er mönnum gefið tækifæri að læra til amatörprófs um tvisvar til þrisvar á ári. Við höfum nú nýtt leyfi, nýliðaleyfi, til að fá fleira ungt fólk inn í raðir amatöra. Samband okkar við yfirvöld er mjög gott, en mikil vandamál eru nú í Þýskalandi vegna verndunar fólks fyrir radióútnisviðinu, þ.e. útgeislun og rafsegulsviði, sem amatörsendar framleiða. Sérstakt vandamál í Þýskalandi er í þessu sambandi verndun fólks með hjartagangráða. Við erum með mjög lág mörk. Eins og stendur eru takmörkin 2 volt á metra á 144 MHz, 3 volt á metra á 28 MHz og 16 volt á metra á 3,5 MHz. En nú er í gangi rannsókn á hjartagangráðum og fljótlega munum við vita hvort mörkin færast radióamatörum í hag.

TF3KB: Hefur þetta í för með sér mikla takmörkun á því afli, sem amatörar geta notað?

DK9HU: Já, í sumum tilvikum takmarkar það aflið við 5 eða 10 wött hámark, en hámarks útafl á HF, VHF og UHF er annars 750 wött. Við erum með þrjá leyfisflokkka. Nýliðaleyfi eins og ég áður sagði, aðeins á 2 metrum og 70 sm böndunum, með hámarks útafl 10 wött. Annar leyfisflokkur er VHF/UHF eingöngu, með 750 watta afli, en aðalleyfið er með sama afl, en HF til viðbótar.

TF3KB: Hvernig tekst nýliðaleyfinu að laða til sín ungt fólk?

DK9HU: Nýliðaleyfið byrjaði á síðasta ári, svo reynslan er ekki mikil, en ég held að yngra og ferskara blóð sé að koma inn, til lækkunar á núverandi meðalaldri þýskra radióamatöra, sem er 50 ár.

TF3KB: *Er félagatalan að aukast eða minnka?*

DK9HU: Félagatalan er á mjög hægri niðurleið, en við vonumst til að á næsta ári verði því snúið við, með auknum fjölda ungs fólks.

TF3KB: *Ef horft er til framtíðar, hver verða helstu verkefni?*

DK9HU: Í fyrsta lagi er að fá góða lausn á vandamálunum vegna verndunar mannlíkamans fyrir rafsegulsviði og í öðru lagi að losna við allar takmarkanir vegna hjartagangráða. Það er mjög mikið vandamál fyrir okkur, en ég held við getum leyst það. Þá er það rafsegulhæfni tækjabúnaðar. Fjöldi rafeindataekja fer sívaxandi, og þetta verður meira vandamál í framtíðinni. Enn eitt málið er S25, umræðunni um það er ekki lokið. Ég held að á WRC árið 2005 verði rætt um breytingar, en engin ákvörðun liggur fyrir í Þýskalandi, hvernig morsmálið verður meðhöndlað. Ég held að mors verði ekki skilyrði fyrir HF í framtíðinni, það er mín persónulega skoðun, vegna þess að sum yfirvöld séu gegn því. En ef málin þróast í þessa átt, þá verður það hlutverk amatörfélaganna, að gera mjög áhugavert fyrir nýja liðsmenn, að læra mors. Við verðum að reyna að fá fólk sjálfviljugt til að læra mors og fara í okkar eigin próf.

TF3KB: *Ef mors verður sjálfval, þá verðum við að gera það skemmtilegt?*

DK9HU: Já, það er eina leiðin til að fá fólk til að læra það.

TF3KB: *Er leyft í Þýskalandi, að senda kveðjur frá þriðja aðila?*

DK9HU: Já, það er leyft, án sérstakra tímatakmarkana, en þær ættu að vera eins stuttar og mögulegter.

TF3KB: *Nú hefur DARC útnefnt einstaklinga til að vera tengiliðir við ólík lönd, eins og norðurlöndin, frönskumælandi lönd o.fl. gefst þetta vel?*

DK9HU: Já, einnig við arabalöndin, Rússland. Já, ég tel þetta mjög mikilvægt, t.d. er talsvert samband við rússa, sem ég tel gagnlegt við að sýna fram á að þýskir amatörar séu hjálpsamir.

TF3KB: *Eru góð sambönd við faghópa, eins og rafsegulhæfni o.p.h.?*

DK9HU: Já, 3-4 radióamatörar eru fulltrúar DARC í ýmsum faghópum, eins og Cenelec, þ.á.m. Hans-

Joachim Brandt, DJ1ZB, sem er í EMC hópnum og víðar. Það hefur engin neitt á móti radióamatörum í þessum vinnuhópum, en þeir gleyma stundum tilvist þeirra, en ef við minnum á okkur er í flestum tilvikum unnt að komast að viðunandi niðurstöðu fyrir radióamatöra.



Hilary Clayton-Smith, G4JKS forseti RSGB

CQ TF náði tali af forseta RSGB, frú Hilary Clayton-Smith, G4JKS. Auk embættis forseta RSGB er sérsvið hennar EMC mál, sem hún hefur haft mjög mikið á sinni könnu, ekki síst eftir tilkomu háhraða gagnasendinga eftir óskermuðum raf- og síma-köplum.

TF3KB: *Hvenær og hvernig byrjaði áhugi þinn á amatörradíói?*

G4JKS: Áhuginn byrjaði hjá mér á aldrinum 7-8 ára, vegna þess að ég átti heima í næsta húsi við radióamatör. Maðurinn minn var einnig radióamatör með kallmerkið G3JKS.

TF3KB: *Hve margir leyfishafar eru á Bretlands-eyjum og hve margir í RSGB?*

G4JKS: Leyfishafar eru rétt tæplega 60.000 og þar af eru um 27.300 í RSGB. Félagatalan hefur verið stöðug undanfarið hálf t.ár. Við segjum gjarnan að í RSGB sé rúmlega helmingur virkra leyfishafa, þegar frá eru taldar klúbbsstöðvar, einstaklingar með 2-3 kallmerki og þeir sem hafa leyfi, en enga stöð.

Félagatalan var á niðurleið fyrir nokkrum árum. Ef við lítum á leyfisflokka okkar, A, B og nýliðaleyfi, þá er nýliðaleyfið það eina, sem fjölgun er í. A og B leyfishöfum fækkar og færri taka A og B próf en áður. *TF3KB: Halda nýliðar áfram og taka hærri próf?* G4JKS: Já, nokkuð fljótt. Nýliðaleyfið hefur engin tímatakörk, ef menn vilja vera nýliðar að eilífu, þá geta menn það, en reynslan er að menn fara nokkuð fljótt í hærri próf. A og B prófin eru krossapróf, en nýliðaleyfið er öðruvísi. Nýliðar verða að fara á verklegt námskeið. Þeir byrja á mjög einföldum hlutum, eins og að tengja kló eða tengi og læra á ýmisskonar tæki, sem amatörar hafa í sjakknum, þ.á.m. einföld mælitæki, sem hægt er að smíða.

TF3KB: Hvaða leyfi fá nýliðar svo fyrir fyrirhöfnina?

G4JKS: Ef þeir standast morspróf á 20 stafa hraða á mínútu fá þeir HF leyfi, en takmörkuð tíðnisvið og takmarkað afl. Aflið var 5 wött, en nú er búið að hækka það í 10 wött.

TF3KB: Hafa þeir SSB leyfi?

G4JKS: Já, þeir mega nota alla útsendingarhætti.

TF3KB: Hvernig gengur RSGB að laða til sín ungt fólk?

G4JKS: Fyrir 10 árum komumst við í RSGB að þeirri niðurstöðu að meðalaldur okkar væri of hár, og við yrðum að gera eitthvað í því. Við settum þá í gang verkefnið YEAR (Youth into Electronics through Amateur Radio) og hluti af því var nýliðaleyfið, til að hvetja ungt fólk, því það eru engin aldurstakörk á nýliðaleyfinu. Við erum með marga 7 ára nýliðaleyfishafa á HF böndunum. Við settum saman sérstakan vinnuhóp, sem kallaður er STELLA, sem fékk það verkefni að vinna með skólum. Þetta hefur sýnt sig að vera mjög árangursrík aðferð til að komast inn í skólana, því reynst hefur mjög erfitt að komast inn í þá, nema einhver kennari sé leyfishafi. Það sem við gerum á hverju ári um páskana, er að við fáum 20 raungreinakennara á hraðnámskeið fyrir amatörpróf. Þeir hafa aldrei séð amatörradíó áður, en á fjórum dögum fara þeir yfir allt námsefnið og fara síðan í maíprófið. Síðan fara þeir aftur í skólana með nýju leyfin sín, stofna amatörklúbba og þjálfar börnin fyrir nýliðapróf. Þetta hefur tekist mjög vel og verið mjög árangursríkt. Við köllum þetta að kenna kennurum.

TF3KB: Og eru kennararnir móttækilegir?

G4JKS: Já, mjög svo. Það sem við gerum er að fara á árlega sýningu raungreinakennara, sem er á

sama tíma og aðalfundur þeirra. Þar eru um 7000 raungreinakennarar saman komnir á einn stað. Við erum með sýningarbás og stöð, reynum að sjá þá út og láta þá skrifa sig á námskeið. Allt þetta gengur að vísu nokkuð hægt fyrir sig, en í dag eru fleiri ungir leyfishafar en nokkurntíma áður. Þeir eru ekki endilega í RSGB, því við gerðum þetta ekki eingöngu til þess. Við gerðum þetta til að fá ungt fólk inn í amatörradíó – punktur.

TF3KB: Hvernig er samband ykkar við yfirvöld?

G4JKS: RSGB hefur nú betra samband við yfirvöld en nokkurntíma áður. Þú tókst eftir því, að tveir fulltrúar frá RA (Radiocommunications Agency, breska fjarskiptaeftirlitið) eru hér á ráðstefnunni og þau eru mjög jákvæð. Annað þeirra, þ.e. karlmaðurinn ætlar að taka amatörpróf, því hann hefur svo mikinn áhuga. Við getum hringt í þau reglulega. Hjá RSGB höfum við skipulagt sérstakt kerfi, til að takast á við sambandið við RA, sem er mjög vel upp byggt og virkar mjög vel. Við erum með ráð, sem forgangsraðar þeim málum, sem við viljum leggja fyrir RA og auk þess fámennan umræðuhóp manna, sem ákveður hvaða sérfræðihópur eigi að vinna að greinargerðum og verkefnum, sem leggja á fyrir RA og það virkar mjög vel.

TF3KB: Hvernig er RSGB skipulagt að öðru leyti?

G4JKS: Í höfuðstöðvunum erum við með framkvæmdastjóra og samtals 28 starfskrafta á launum. Við höfum 18 manna ráð, og undir því eru 22 nefndir. Síðan er net af svæðisumsjónarmönnum, sem eru starfa á öllum svæðum landsins. Þeir starfa í grasrótinni og standa ráðinu skil á því. Þar fyrir utan höfum við um 1800 sjálfboðaliða.

TF3KB: Hver álitur þú vera mikilvægustu verkefni RSGB á komandi árum?

G4JKS: Fyrir utan tengslin við RA til að vernda tíðnir okkar, sem er aðalatriðið, vegna alls þess þrýstings, sem er á tíðnisviðið frá utanaðkomandi aðilum, sérstaklega á VHF, UHF og örbylgju, þá eru tvö málefni sem við vinnum mjög að um þessar mundir. Það eru EMC (rafsegulsamhæfi) og RadHaz (rafsegulhætta). Þetta eru mjög mikilvæg svið, því eins og þú veist er við að eiga háhraða gagnasendingar eftir raflínunum og símalínunum (PLT, Power Line Telecommunications og xDSL, x Digital Subscriber Line) og einnig er við að eiga áhrif rafsegulviðs á mannlíkamann. Okkur hefur tekist að halda því máli í láginni. Við höfðum þá stefnu að ræða það ekki í blaðinu, því það gæti hrætt fólk og ef fjölmiðlar kæmust í það gæti það eyðilaggt amatörradíó.

TF3KB: Þýska félagið kvartar undan óhóflegum kröfum um lágan sviðsstyrk vegna hjartagangráða, eigið þið við svipuð vandamál að stríða?

G4JKS: Þýskum amatörum var sagt að þeir yrðu að gera ýmsa hluti til að vernda fólk með hjartagangráða. Ég er ekki sammála því. Varstu í vinnuhópnum um rafsegulhæfni (EMC)?

TF3KB: Já, ég var í honum.

G4JKS: Þá manstu eftir ummælum mínum þar, að sá einstaklingur sem er með hjartagangráð ætti að þola jafnmikið rafsegulsvið og einstaklingur án gangráðs. Það ætti ekki að þurfa að breyta umhverfinu, einungis vegna þess að einhver með hjartagangráð er nálægur.

TF3KB: Ég skildi það sem æskilegt markmið, en er það veruleikinn í dag?

G4JKS: Við höfum ekki vandamál vegna þessa. Það eru ekki margir einstaklingar með gamla gangráða og nýjum gangráðum fylgja engin vandamál. Þeir eru prófaðir eftir mjög ströngum reglum. Þeir eru prófaðir utan mannslíkamans og þegar þeir eru settir í fólk, eru ekki möguleikar að þeir verði fyrir áhrifum.

TF3KB: Ef þeir verða fyrir truflun, eiga þeir líka að skipta yfir á fastan ganghraða, er það ekki?

G4JKS: Jú, þeir gera það.

TF3KB: Það væri áhugavert að ræða PLT málið nánar, vegna samnings sem íslenskt fyrirtæki gerði við Norweb í Bretlandi um það mál.?

G4JKS: Ömurlegt.

TF3KB: Það var send út fréttatilkynning, þegar samvinnu fyrirtækjanna var hætt, en við höfum ekki sama bakgrunn og upplýsingar um málið og þú, aðeins að þetta var af hálfu fyrirtækisins kynnt sem frábær valkostur í gagnaflutningum, en engar upplýsingar um gallana.

G4JKS: Að sjálfsögðu ekki.

TF3KB: Ég skrifaði reyndar grein í CQ TF, sem byggð var á þinni greinargerð, svo lesendur okkar þekkja málið a.m.k. þaðan. Hvað getur þú sagt okkur umfram það?

G4JKS: Þið ættuð að kynna ykkur hvaða aðila aðrir nota tíðnir undir 30 MHz. Hvaða sterka aðila þið getið talið á ykkar mál og nota það til að berjast fyrir málstaðnum. Það er það eina sem þið getið gert. Þetta gerðum við. Svo ættuð þið að þrýsta á stjórnvöld, láta þau hafa allar tæknilegar staðreyndir málsins og þau áhrif sem þetta getur haft á öryggismál, hjá okkur er varnarmálaráðuneytið á þessum tíðnum, en hjá ykkur?

TF3KB: Við erum t.d. með landhelgisgæslu og hjálparaðveitir.

G4JKS: Það er mikilvægt. Ef þeir átta sig á því, að komi þetta til framkvæmda, þá munu þeir ekki heyrja neitt. Eins og ég sagði á fundinum, þá þurrkast S9+20 dB merki algerlega út.

TF3KB: En þið fóruð með málið enn lengra, alla leið upp í lávarðadeild?

G4JKS: Já, ástæðan fyrir því var að málið breyttist úr því að vera tæknilegt yfir í að vera pólitískt. Við vorum að vinna með RA að tæknilegu hlið málsins. Við gerðum prófanir með þeim, við fórum út í mörkina og grófum kapla niður í jörðina til að líkja eftir rafköplum í jörðinni. Þeir trúðu því ekki að þetta myndi breiðast út og við vildum sýna þeim að þetta stoppaði ekki þegar komið væri út í sjó. Við notuðum þessa gröfnu kapla sem loftnet og náðum samböndum um alla Evrópu. Menn voru vanir að segja að þetta væri aðeins á takmörkuðu svæði, því menn skildu ekki útgeislun og útbreiðslu, en þetta fór um alla Evrópu. Við náðum samböndum til Grikklands, Rússlands og út um alla Evrópu.

TF3KB: Á hvaða afli?

G4JKS: Ég held það hafi verið 10 wött. Aðferðin sem við notuðum til að þrýsta á, var að fá alla notendur undir 30 MHz og þeir eru margir, ég fékk þá saman í nefnd, við komum okkur saman um sameiginlega stefnu, og þá fórum við öll saman tækni-leiðina. Þegar Nortel/Nor.web gagnrýndi enn tæknirök málsins ákvað RA að taka þetta upp á pólitískum vettvangi og þetta var lagt fyrir ráðherra-nefnd. Þá byrjuðum við að skrifa þingmönnum og lávarðadeildinni. Það voru gerðar fyrirspurnir í lávarðadeildinni. Stuttu síðar, skömmu áður en ég kom hingað fékk ég bréf frá John Mayor, þar sem hann sagðist vona að málið næði farsælli lendingu. Einum eða tveim dögum síðar sendi Norweb frá sér fréttatilkynningu. Ég held að það séu tengsl þarna á milli og þess sem við höfum verið að gera.

TF3KB: Hvað með önnur fyrirtæki?

G4JKS: Við höfum verið að fást við þetta sl. þrjú ár. Í byrjun man ég að ég sagði við náungann hjá Norweb: "Þið ættuð ekki að vera það þróa þetta, því þetta er gamaldags og ljósleiðari og örbylgja eru miklu betri og eiga að öllum líkindum framtíð fyrir sér." Nú er tæknin að fara fram úr þeim. Ég held ekki að mörg fyrirtæki muni vilja fara þessa leið. Ég held þau halli sér frekar að öðrum aðferðum. Vandamálið með PLT er að þú færð truflanirnar, hvort sem þú ert notandi eða ekki. Það er í húsinu

hjá þér og þú getur ekkert gert við því. xDSL velur fólk hvort það vill hafa eða ekki, en PLT er úti um allt, úti í götu, upp eftir ljósastaurunum og um allar raflagnir í húsum, svo þetta er alger ringulreið.

TF3KB: Er xDSL alveg vandræðalaust?

G4JKS: ADSL er ekki of mikið vandamál, en VDSL gæti orðið það. Vandamálið er að það er ekki unnt að tryggja gæði snúna parsins, þau geta verið svo misjöfn. Það er núna í gangi mál varðandi truflun af því tægi í Essex, þar sem vandamálin voru rakin til þess að aðeins einn vír var notaður í stað tveggja.

TF3KB: Hvað með ADSL og lang- og miðbylgju?

G4JKS: Ég veit ekki hvort það hefur verið athugað, en ég held þetta ógni miðbylgju og VDSL geti truflað langbylgju. Þetta er hinsvegar svo nýtt, að þetta er ekki orðið það útbreitt, að við höfum miklar fregnir af því.

TF3KB: Að lokum, hvernig lítur RSGB á spurninguna um mors, m.t.t. þeirra samþykktu, sem gerðar voru hér á ráðstefnunni um S25 og M-XXX?

G4JKS: Lykillinn að spurningunni er hvernig farið verður með málið á WRC (ITU World Radiocommunications Conference). Ég held ekki það verði á næstu ráðstefnu, því það eru svo mörg önnur mikilvægari mál, sem þarf að útkljá og þetta er ekki mikilvægt. Svo það verður líklega sú næsta, e.t.v. 2005 eða 2007. Ég held að sum stjórnvöld vilji sjá ákvæðið um mors hverfa og þessvegna höfum við hjá RSGB lagt til að morshraðinn verði lækkaður í 20 stafi á mínútu, til að brúa bilið milli dagsins í dag og ráðstefnunnar sem tekur þetta fyrir. Við teljum ekki að morskunnátta sé neinn mælikvarði á góða starfrækslu á HF. Menn geta tekið próf og farið á VHF, en til að fara á HF þurfa menn að læra að færa hnappinn á lyklinum upp og niður. Hvernig fær það menn til að skilja útbreiðslu og skilyrði, loftnet og annað sem snýr að HF. Við teljum að betra væri að hafa próf í HF starfrækslu, tækjum, útbreiðslu, loftnetum o.þ.h. allt sem er sérstakt fyrir HF og menn þurfa að vita. Net starfræksla, DX-leiðangrar, splitstarfræksla og þess háttar. Þetta eru hlutir sem þú veist ekki, þótt þú takir próf, hvorki í tækni né mors. Mors er besta aðferð, sem ég þekki, ég er 100% fyrir mors, en það er aðeins eitt af mörgum útsendingaraðferðum. Það sem ég held að gerist, ef mors verður ekki lengur krafa, að það verður enn vinsælla. Það verður dýrkað og fólk mun vilja læra það, af því það þarf ekki að gera það.

TF3KB: Hver eru mikilvægustu verkefni RSGB í nánustu framtíð?

G4JKS: Við erum að reyna að fjölga leyfishöfum. Ef amatörar eru ekki fjölmennir, þá geta tíðnir okkar verið í hættu. Það er byrjað að verðleggja tíðnisviðið. Yfirvöld eru farin að láta fólk borga fyrir tíðnir, og amatörar borga ekki fyrir sínar tíðnir. Við þurfum að vera fjölmennir til að rödd okkar heyrist. Við reynum að fjölga ungum leyfishöfum. Við deyjum út, ef við gerum það ekki. Ef sérhver amatör tæki að sér að þjálfu einn einstakling yngri en 14 ára, þá væri okkur borgið. Við höfum því öll verk að vinna. Ég þjálfaði minn eina dreng, svo ég hef staðið við minn hlut. Á nokkurra ára fresti ættuð þið að ganga úr skugga um að hver félagi í félaginu ykkar hafi þjálfað einn einstakling. Ef þið hugsið um þessa tækni, að kenna kennurunum, þá virkar það eins og keðjubréf inn í skólana, þar sem skólarnir kenna ekki radíó- og rafeindatækni lengur, a.m.k. ekki almennt. Við gerum líka mikið til að halda góðu sambandi við yfirvöld. Við tókum á öllum hættum, sem verða á vegi okkar og við höfum hóp tæknifólks, sem hefur augu og eyru opin og lætur vita, ef eitthvað kemur upp, eins og t.d. PLT vandamálið. Ég vissi reyndar af því vandamáli áður en okkar yfirvald, RA, vissi um það. Það var annað stjórnvald, sem hafði gefið þessu grænt ljós án þess að hafa samband við RA. Þeir vissu ekki að þetta var útgeislunvandamál. Vandamálið var líka, að engir staðlar voru til, sem náðu yfir þetta. Nú höfum við MPT 1517 til umræðu bæði í Bretlandi og ETSI. Ég veit ekki hvað verður, hvort þetta er að deyja hægum dauðdaga, en við gerðum uppkast að xDSL staðli einnig.

TF3KB: Hvaða hópur var það?

G4JKS: Það var hópurinn, sem við settum saman, þegar við fyrst tókum upp PLT vandamálið við RA. Þeir spurðu okkur, hvað leggið þið til að við gerum næst, því sá sem fékk verkefnið var hent inn í það, fyrirvaralaust. Ég lagði til að allir sem einhver tengsl hefði við þetta yrði kallaðri saman, fólk frá rafveitunum, notendur HF tíðnisviðsins, þeir sem fylgjast með truflunum yrðu allir settir kringum sama borðið og vandamálið rætt frá öllum hliðum. Þannig byrjaði það.



Richard L. Baldwin, WIRU, heiðursforseti IARU

Einn dag ráðstefnunnar var tilkynnt að 65 ár væru síðan Dick hefði fengið amatörleyfi sitt. CQ TF spurði hann fyrst að því, hvernig áhugi hans hefði vaknað fyrst.

WIRU: Þegar ég var 13 ára, kom frændi minn, sem bjó í öðru fylki, í heimsókn til foreldra minna. Hann fór með mig í bíltúr til East Hartford, Connecticut. Þar var staðsett stöðin W1MK, sem þá var höfuðstöð ARRL. Þannig kynntist ég amatörradíói fyrst. Ég fékk mikinn áhuga og ári síðar var ég kominn með kallmerkið W1IKE. Ég lærði mors með því að hlusta á DJC, sem var þýsk fréttaskeytastöð, sem sendi á 90 stafa hraða rétt undir 7 MHz bandinu. Fyrst náði ég aðeins einu “dit” og næst náði ég “di-dit” og innan eins árs var ég búinn að læra morsíð.

TF3KB: Þú fórst síðar í sjóherinn, var það ekki?

WIRU: Jú, ég var félagi fjarskiptaliði sjóhersins (US Naval Communications Reserve) og þessvegna kallaður til þjónustu í seinni heimsstyrjöldinni og var á herskipum í Kyrrahafinu. Ég vann um skeið sem fjarskiptaverkfræðingur hjá Motorola, en síðan bauðst mér tækifæri til að starfa fyrir ARRL, fyrst í West Hartford, Connecticut og síðar í Newington, Connecticut og ég vann fyrir ARRL í 30 ár. Þegar ég fór á eftirlaun, flutti ég til Maine, þar sem við konan mín kunnum mjög vel við okkur. Ég varð síðan forseti IARU og gegndi því embætti í 17 ár.

TF3KB: Costas, sem var amatör sem fann upp viðtæki, sem við hann er kennt (Costas loop), og hélt fram óhefðbundnum hugmyndum um að AM án burðarbylgju eða DSB, tveggja hliðarbanda sendingar, hefðu alls ekki lakari að nýtni á afl heldur en SSB, sem gekk mjög í berhög við viðtekna kenningar um yfirburði SSB, sem menn trú á jafnvel á enn þann dag í dag. Mér er

minnisstætt, þegar við ræddumst við á ráðstefnunni í Noordwijkerhout í Hollandi, þá varst þú mjög kunnugur Costas og kenningum hans, sem ég var einmitt búinn að kynna mér allmörgum árum áður.

WIRU: Já, Costas skrifaði greinar í QST um þetta eftir stríðið og hugmyndir hans hlutu ærið misjafnar viðtökur meðal kunnáttumanna á þeim tíma. Sumir trúðu því að hann hefði rétt fyrir sér, en aðrir trúðu því, að hann hefði rangt fyrir sér. Innan hersins lásu menn greinar hans af athygli. Þeir ákváðu að skoða þetta nánar og út var látin ganga skipun um algera þögn um málið. Síðar kom í ljós að hann hafði mikið til síns máls og sumar af hugmyndum hans lögðu grundvöllinn að rófdreifðum sendingum (spread spectrum) síðar.

TF3KB: Já, fyrsta stig rófdreifðs SSB er einmitt DSB. Þú fórst eitt sinn í ferðalag til Evrópu, sem nokkurskonar sendiherra fyrir amatörhreyfinguna. Hver var aðdragandi þess?

WIRU: Já, Evrópuferðin kom þannig til, að Hr. Hoover, sem var forseti ARRL og IARU var þeirrar skoðunar að amatörfélögin ættu að blanda sér meira í málin, sýna meiri ábyrgð og undirbúa sig betur fyrir ráðstefnur. Hann setti í gang átak hjá ARRL og IARU til að kenna amatörfélögum og uppfærða þau um ábyrgð sína og getu. Árið 1964 valdi Hoover mig til að gerast “farandsölumaður” fyrir ARRL og IARU. Ég fór með konu minni í 6 vikna ferðalag og heimsótti amatörfélög um mestalla Evrópu. Síðar sama ár fór ég á tveggja vikna ráðstefnu í Genf. Síðan hef ég verið á ferðalögum alla tíð, þar á meðal hef ég farið a.m.k. tvær ferðir til Íslands.

TF3KB: Já, ég minnst þess að Ólafur Axelsson, TF3AW heitinn, fyrrverandi formaður ÍRA, sagði mér frá a.m.k. einni heimsókn þinni og því að þú varst hvatamaður að því að ÍRA gekk í IARU Region 1, sem ÍRA gerði eftir eina heimsókn þína, en ÍRA hafði ekki verið félagi í því áður, aðeins alheimssamtökunum, IARU. Hvernig sérð þú fyrir þér nánustu framtíð amatörhreyfingarinnar?

WIRU: Ég held að mörg amatörfélög geri sér grein fyrir því, vegna þess að hægt hefur á vexti hreyfingarinnar, að þau þurfa að gera meira til að hvetja ungt fólk. Þau þurfa að fjölga þjálfunarverkefnum. Þau þurfa að “selja” hugmyndina um amatörradíó. Á því eru skiptar skoðanir, hvernig að því skuli staðið. Enginn veit ennþá hve besta leiðin er. Mín persónulega skoðun er að ég er á móti því að lækka staðalinn, svo amatörradíó verði systir CB. Það er viss tilhneiging, sem ég er persónulega ekki hrifinn af, til að lækka staðalinn, en vera kann að ég hafi rangt fyrir mér. Ég held að

flest félög þurfi að gera aukið átak í því að fá fólk til að verða radíóamatörar og bæta aðferðirnar við að halda próf og gefa út leyfi, þannig að allt það ferli verði auðveldara.

TF3KB: Nú hefur þú tekið mikinn þátt í uppbyggingu amatörradíós í Afríku. Getur þú sagt okkur frá því?

W1RU: Já, þróun amatörradíós í Afríku er mikilvæg, því í allri Afríku, að Suður-Afríku undanskilinni, eru aðeins um eitt þúsund amatörar og Afríka er afar stór heimsálfa. Því þurfum við að gera meira til að örva amatörradíó í Afríku. Við gerum það nú með þrennum hætti, og ég held að ráðstefnan hér hafi ekki viðurkennt sem skyldi, að í gangi eru fleiri verkefni en STARS (Support to Amateur Radio Service). STARS er mikilvægt, STARS er stuðningur við amatörradíóþjónustuna, sem örvar, eða reynir að gangsetja amatörstarfsemi í einstökum löndum, þar sem lítil eða engin starfsemi er nú, en það er aðeins hluti af verkefninu. Annað verkefni er það sem við köllum ADP (African Development Program) og í því þjálfum við sendiherra fyrir amatörhreyfinguna. Það eru ekki nægilega margir í stjórn IARU Region 1 og það eru ekki nægilega margir í stjórnarráði (AC, Administrative Council) IARU til að fara í öll þau ferðalög og stunda alla þá “sölumennsku”, sem nauðsynleg er. Því höfum við verið að þjálfva sendiherra, og þeir þurfa ekki að vera amatörar, þeir geta verið einstaklingar í áhrifastöðum, sem geta lagt inn gott orð fyrir okkur, þegar þörf gerist. Enn eitt þjálfunarverkefni til að þjálfva sendiherra, eins og ég hef lýst, hefst snemma á næsta ári. Þriðji hluturinn, sem við gerum í Afríku er að halda námskeið í stjórnun amatörradíós (Amateur Radio Administration Course), sem er ekki beint að amatörum, heldur stjórnendum, til að sýna þeim fram á gildi amatörradíóþjónustunnar, til að kynna þeim alþjóðareglugerðina, og hvernig þeim alþjóðareglugerðum má breyta í reglugerðir hvers lands, reglugerðir sem örva vöxt amatörradíós, en á vernda á sama tíma hagsmuni stjórnvalda. Þessi námskeið hafa verið mjög árangursrík.

TF3KB: Og þú hefur stjórnað þessum námskeiðum?

W1RU: Já, ég skrifaði upphaflegan námskeiðstexta og ég hef verið nú aðalleiðbeinandi nú í u.þ.b. 35 skipti. Við höfum nú þjálfað rúmlega 350 starfsmenn og stjórnendur í u.þ.b. 75 löndum. Þetta hefur verið mjög gagnlegt verkefni.

TF3KB: Og hverjir hafa fjármagnað þetta?

W1RU: IARU hefur aðallega greitt reikninginn og fjármagnað ferðir mínar að mestu leyti, en stundum hefur IARU Region 1 einnig hlaupið undir bagga og við gerum þetta viðkomandi stjórnvöldum að kostnaðarlausu.

TF3KB: Hvernig sérð þú fyrir þér nánustu framtíð amatörradíós?

W1RU: Ný tækni mun halda áfram að dynja á okkur og við radíóamatörar munum laga okkur að þeirri tækni. Ég held að það verði erfitt fyrir radíóamatöra að vera eins uppfinningasamir og á árum áður, því þetta er orðið svo flókið. Rafeindaiðnaðurinn er orðinn svo flókinn, að erfitt er fyrir einstaklinginn að ráða við allar hliðar hans. Ég held að áhersla radíóamatöra þurfi frekar að vera á þjónustu. heldur en tækniþróun. Ég mótmæli því harðlega að nota orðið “hobby” eða tómstundagaman um amatörradíó. Amatörradíó er ekki hobby, heldur þjónusta. Amatörradíó er þjónusta, skilgreind af ITU, Alþjóða Fjarskiptasambandinu, amatörradíó er þjónusta við mannkynið. Ein leið til að veita þjónustu, er að veita fjarskiptaþjónustu á tímum náttúruhamfara, jarðskjálfta, fellibylja eða annars. Þó ekki á tímum borgarastyrjalda eða hernaðaraðgerða, heldur náttúruhamfara. Ég álít að framtíð amatörradíós sé björt við að annast þesskonar samskipti.

TF3KB: Hvernig lítur þú á spurninguna um morsið?

W1RU: Ég lít á morsið sem nokkurskonar síu. Það skilur á milli þeirra, sem hafa ekki raunverulegan áhuga á amatörradíói og þeirra sem hafa djúpan og tryggan áhuga. Ég minni aðeins á dæmi frá Bandaríkjunum, þar sem við höfðum gífurlegan vöxt í CB á áttunda áratugnum (1977-78). FCC gaf þá út 5 milljónir CB leyfa á mánuði. Við reyndum að fá þetta fólk inn í raðir amatöra. Við náðum árangri til skamms tíma að hluta til, en þetta fólk hafði ekki áhuga á amatörradíói eins og við þekkjum það, heldur var radíó í þeirra augum einskonar upphafinn farsími. Það hafði áhuga á að tala, en ekki framkvæma. Þetta fólk veitti enga þjónustu. Ég lít því á morsið sem leið til að finna út hver hefur áhuga í raun og veru, hver getur aukið veg amatörradíós og hver ekki.

TF3KB: En hvernig lítur þú á horfurnar á að þessi krafa haldist?

W1RU: Við munum líkleg halda henni um stund. Kröfurnar munu smám saman lækka, frá 100 stöfum á mínútu í 60 stafi á mínútu og í 20 stafi á mínútu. Ég sé fyrir mér lækkun á staðlinum að öðru leyti, en það þýðir ekki að ég sé því sammála.

TF3KB: Þú kemur við á Ísland á leið heim frá Noregi, er það ekki?

W1RU: Jú, ég og konan mín ætlum að dvelja tvo daga í Reykjavík, fara í útsýnisferðir, ganga um borgina og við ætlum að njóta dvalarinnar.

Þetta sagði W1RU að lokum og eyddi með því ýjun minni að því, hvort ég ætti að koma honum í samband við amatöra.

Pormóðs saga vel máli farna



Thormod Bøe, LA7O fulltrúi CEPT á ráðstefnunni.

CQ TF náði að eiga stutt viðtal við Thormod Bøe, LA7OF, sem var fulltrúi CEPT á ráðstefnunni. Hann er forstöðumaður ERO, European Radiocommunications Office, sem staðsett er í Kaupmannahöfn. CQ TF spurði hann hvort einhverjir íslendingar tækju þátt í hans starfsvettvangi. Hann sagði: “Það er mjög lítið í ERO, en í CEPT og ERC er það Guðmundur Ólafsson. Hann þekki ég mjög vel. Það hefur átt sér stað svipuð endurskipulagning víða, þannig að símafélög og fjarskiptastofnanir eru nú aðskildar. Gústav Arnar sótti ráðstefnur fyrir mörgum árum, en hann varð eftir hjá símafélaginu, þau hafa sitt eigið félag, en hann er nú kominn aftur á reglugerðahlíðina og var á CEPT fundi í Tampere í Finnlandi í fyrra. Hörður Harðarson kemur nú orðið mjög sjaldan á fundi. Íslendingarnir eru ekki fleiri. Guðmundur tekur aðeins þátt í ERC fundunum og einstaka sinnum í ERO Council. Þá hef ég verið í sambandi við Sigurð Jakobsson, TF3CW, hann fékk

að taka þátt í keppni í ERO á síðastliðnum vetri, ég held hann búi í Árósum, en hef ekki heyrt í honum lengi. Það eru fjölmörg ár síðan ég kynntist Gústavi Arnar á ráðstefnum, ég þekki hann vel og við notuðum tímann í Tampere aðallega til að fara saman út að borða. Þegar hann var á fundum hér á árum áður, sérstaklega í Genf, var hann yfirleitt einn, og varði tímanum mikið með norsku sendi-nefndinni.”

Við lokahóf ráðstefnunnar hóf Tom Victor, LA4LN, forseti NRRL ræðuhöldin. Hann lauk ræðu sinni á eftirfarandi orðum:

LA4LN: Ég tók eftir því, að í fundargerð frá opnun ráðstefnunnar var ég titlaður heiðursforseti NRRL. Samkvæmt orðabókum nýtur slík persóna heiðurs, án þess að hafa nokkrar skyldur. Ég verð að fullvissa ykkur um, að NRRL hefur engan heiðursforseta og kvartanir ykkar yfir framkvæmd þessarar ráðstefnu eiga að berast mér, sem ábyrgum og kjörnum forseta NRRL. Ég vona að kvartanir verði ekki margar, og þið farið frá Lillehammer á morgun með aðeins ljúfar minningar um Noreg og Lillehammer. Ég hef nú þann heiður að kynna veislustjórann fyrir ykkur. Ég hef heyrt margar tilraunir til að bera nafn hans rétt fram. Ef þið viljið bera nafnið rétt fram, þá er það Thormod Bø, en ég veit að hann svarar líka nafninu Tom Bó, þótt nokkur munur sé á því og Thormod Bø. Ef þið viljið ekki hætta ykkur út á þennan hála ís, þá getið þið sagt LA7OF.

LA7OF: Þakka þér kærlega fyrir Tom Victor og gott kvöld herrar mínir og frúr. Ég er Tom, einfaldlega Tom, ég held flest ykkar þekki mig undir því nafni. Ég er þakklátur fyrir að vera boðið að vera viðstaddur þessa ráðstefnu og hafa tækifæri til þess. Ég er hér gestur, boðinn til að vera hér fyrir hönd CEPT. Sem laun fyrir að koma, var ég beðinn að vera veislustjóri. Ég er ekki viss um að ég hefði komið, ef ég hefði vitað það fyrirfram. Ég verð ykkar amatörveislustjóri og ég vona að mér takist bærilega upp. Til að ljúka skrifræðinu fyrst, skulum líta á matseðilinn. Fyrst er sjávarréttasalat og ég ábyrgist að sérhver rækja, sem þið finnið í salatinu er ekta norsk rækja. Við veljum þær mjög vandilega. Ég get sagt ykkur hversvegna við erum vissir um að þær eru norskar. Við veiðum þær á slóðum, þar sem danskir, sænskir og fleiri þjóða sjómenn eru að veiðum... aðallega sænskir!... við erum góðir grannar og þeir kunna að taka gríni. Við þekkjum sænsku rækjurnar úr, því þær hoppa og hoppa án afláts og hrópa hástöfum: “ég er humar, ég er humar!” Þær rækjur tókum við úr og það sem þá er eftir, eru ekta norskar rækjur! Við höfum takmarkað

fjöldi ræðumanna undir borðum við 6-7, því við getum ekki verið að borða í allt kvöld. Eftir það förum við niður í Birkibeinasalinn, fáum okkur kaffi og hlustum á þær 18 ræður sem eftir eru. Ég óska ykkur ánægjulegrar kvöldstundar.

LA7OF: Fyrsti ræðumaðurinn, sem ég ætla að kynna hér í kvöld er evrópskur. Hann hefur verið radíó-amatör í mörg mörg ár. Ég ætti kannski að minna ykkur á að þið eruð í landi víkinganna og þið verðið að hlíta lögum víkinganna. Þótt þetta sé hér og nú, þá ríktu víkingarnir einu sinni yfir stórum hluta hins þekkta heims. Ég tala betur um það síðar. Hann er frá landi, sem var inni í myndinni í þá dag. Við ættum að kanna hvort hann uppfyllir lög víkinganna. Ég hef reyndar lög víkinganna hér fyrir framan mig. Ég verð að hafa þau á pappír, því þetta er of mikið að muna, sérstaklega fyrir lítinn heila eins og minn. Já, hann er minni en maginn! Lögmaðl víkinganna er þannig: Fyrsta grein segir: Vertu hugrakkur og ágengur, með undirrákvæðinu vertu hreinn og beinn. Hann er hugrakkur. Hann er ekki ágengur í neikvæðri merkingu þess orðs. Hann er ágengur að virkni. Hann er hreinn og beinn og það er nokkuð sem amatörar kunna að meta. Önnur grein segir: Vertu viðbúinn, hafðu vopnin í góðu lagi. Ég ábyrgist að það gerir hann. Hann er háhraða morsari og ég vona að hann verði það áfram. Þriðja grein segir: Vertu góður kaupmaður. Ég veit að hann var kaupmaður á árum áður. Undirrákvæðið er: lofaðu ekki meiru en þú getur staðið við. Ég veit af eigin reynslu, að það ákvæði uppfyllir hann fyllilega. Fjórtða grein er: Hafðu góða reglu í búðum þínum og undirrákvæði er: skipulegðu ánægjulegar uppákomur, sem styrkja samheldni í hópnum og ég held að einmitt það hafi gerst í Lillehammer. Hann hefur skipulagt þennan atburð. Við höfum átt skemmtilega tíma og hann hefur safnað ykkur öllum saman, til að ljúka þessari áhugaverðu og árangursríku ráðstefnu. Hann hefur verið með okkur í... hann hefur verið formaður í 100 ár og ég segi næstum, eftir kosninguna í dag: PAØLOU, we love you, orðið er þitt.

PAØLOU: Ég hafði vissulega ekki á tilfinning-urni, að svo virtist, sem ég hefði verið hér í 100 ár. Þetta er líka í fyrsta sinn, sem mér hefur verið líkt við víking. Ég hef fengið önnur stór nöfn, en ég segi ekki frá þeim hér. Ráðstefna er merkilegur hlutur. Venjulega tekst hún vel, hversu vel, fer eftir ýmsu. Fyrst af öllu fer hún eftir fólkinu, sem tekur þátt í ráðstefnunni. Við höfum ráðstefnufulltrúa, við höfum áheyrmarfulltrúa, en það er miklu meira í þessu.



Louis (Lou) PAØLOU, formaður IARU Region 1

Ráðstefna þarf umhverfi, þar sem hún getur starfað. Umhverfi er ekki bara hótél, eða fundarsalur, eða aðstaða, heldur er umhverfið líka fólkið, sem gerir það mögulegt að ráðstefnufulltrúar geti framkvæmt vinnu sína. Fyrir ráðstefnu af okkar stærð hefur sá hópur sjálfboðaliða, sem vinnur alla vinnuna, vaxið með árunum, frá fámennum hópi upp í umtalsverðan fjölda fólks, sem vinnur mikla vinnu, til að ráðstefnan geti heppnast. Þegar ég var í útsýnisferð í gær, hafði ég á tilfinningunni, að við værum meira og minna að ná hápunkti. Við byrjuðum í þoku. Við fórum upp brekku, við fórum niður brekku, við komum út úr þokunni og inn í hana aftur. Þá skyndilega birtust geislar sólar. Þegar ferðin gekk virkilega vel kom enn meira sólskin og í lok ferðarinnar var komið yndislegt veður. Ég held að þessi samlíking lýsi ráðstefnunni vel. Við byrjuðum í þoku. Við fórum upp brekku, við fórum niður brekku, það birtust sólargeislar, en þá skyndilega braust almenn skynsemi í gegn. Almenn skynsemi er amatörandinn. Það er amatörandinn, sem gerir mögulegt að við vinnum öll saman. Ég er mjög þakklátur, að það reyndist vera á endanum, það sem amatörradíó snýst um: samvinna milli fólks. Til að gera þetta mögulegt verður að skapa andrúmsloft, ég held við verðum að vera þakklátir NRRL fyrir allan þann undirbúning, sem þeir hafa

annast. Allt sem þeir hafa gert fyrir skrifstofuna, allt sem þeir gerðu til að útsýnisferðin gekk vel og síðast en ekki sýst, að strandaglópar komust einnig heim aftur. Það er einnig annar hópur fólks, sem ég við þakka. Ekki hefur verið minnst á hann enn. Ég á við starfsfólkið á skrifstofunni. Við höfum að sjálfsögðu Audrey, hún hefur verið með okkur í mörg ár, og hefur eins og venjulega annast verulegan hlut vinnunnar. Ég vil einnig minnast á sjálfboðaliða okkar, Angelika, GØCCI, Janice Cornes, Sally Ellison, John Wilson, G3UUT og auk þess fólk frá NRRL, sem keyrði vélarnar til hins ýtrasta. Þessvegna, með ykkar leyfi, vil ég hylla NRRL.

LA7OF: Má ég biðja um athygli. Það getur verið erfitt að halda áfram, ef þið haldið áfram að tala, svo ef þið hlustið, þá reynum við að halda áfram með ræðurnar. Næsti ræðumaður er einn af máttarstólpum IT... IARU, ég sagði næstum ITU. Hann hefur verið með okkur í mörg ár. Ég komst að því, að amatörsiðareglur Paul Segal's eiga vel við þennan mann. Ég reikna með að flest ykkar hafi lesið þessar reglur, amatörboðorðin sex. Í fyrsta lagi segir að radíóamatörinn sé tillitssamur og hann er það. Í öðru lagi segir að radíóamatörinn sé áreiðanlegur. Þessi maður er mjög áreiðanlegur. Í þriðja lagi er radíóamatörinn framsækinn. Já, hann er mjög framsækinn. Hann hefur farið fyrir fulltrúum IARU á mörgum ráðstefnum, hann stofnaði STARS og marga aðra hluti. Radíóamatörinn er vingjarn-legur. Radíóamatörinn er í jafnvægi og hann er mjög í jafnvægi og að lokum, radíóamatörinn er föðurlandsvinur og það einmitt það sem hann er. Hann hefur haft leyfi í yfir 60 ár og ég geri ráð fyrir að þið vitið öll hvern ég hef í huga. Það er... hvað heitirðu nú aftur? Maðurinn er Richard (Dick) Baldwin, W1RU, heiðursforseti IARU, okkur er mikil ánægja að hafa þig hér, orðið er þitt.

W1RU: Þegar Tom bað mig að segja nokkur orð í kvöld, þá ákvað ég að ég myndi ekki segja ykkur frá þeirri yndislegu ferð, sem við konan mín áttum með vesturströnd Noregs, að við fórum um borð í standferðaskip í Bergen og komum við í 34 höfnum, en ég segi ykkur ekki frá því. Ég segi ykkur ekki frá því, að vesturströnd Noregs er mjög lík norðausturströnd Bandaríkjanna, í Maine þar sem ég bý. Ég segi ykkur ekki að veðrið er eins, og ég segi ykkur ekki frá því að trén eru eins, runnarnir og jafnvel illgresið er eins. Nei, ég segi ykkur ekki frá því. Þess í stað ætla ég að segja ykkur frá því sem er svipað á öðrum vettvangi, því þegar ég kom til

Lillehammer, þá komst ég enn einu sinni að því, að radíóamatörar eru eins, allsstaðar í heiminum. Þeir eru eins á ráðstefnum, þeir eru eins á radíóamatörhátíðum, þeir eru eins á radíóamatörsamkomum, en sérstaklega á IARU svæðisráðstefnum, höfum við sama einbeitta og áhugasama hóp sjálfboðaliða, sem hafa áhuga á aðeins einum hlut: að tryggja að amatörradíó, ekki aðeins lifi, heldur vaxi. Þið tókuð margar erfiðar ákvarðanir þessa viku. Gildi sumra þessara ákvarðana er strax augljóst, ég get nefnt val ykkar á varaformanni. Það er augljóst, að þið tókuð frábæra ákvorðun þar. Tafa (6W1KI) ertu ánægður? Gildi sumra ákvarðana ykkar munuð þið ekki vita um í marga mánuði eða jafnvel ár, hvort þær hafi verið amatörradíó fyrir bestu, aðeins tíminn mun skera úr því. Þið hafið gert það besta sem þið gátuð í þeim erfiðleikum sem stöðja að Region 1, og ég vil benda á, að þótt þið kunnið að halda, að þetta eigi aðeins við um Region 1, þá er þetta eins allsstaðar í heiminum. Vandamálin, sem þið hafið glímt við hér eru þau sömu og í Region 2 og 3. Þið hafið leyst eins vel og þið gátuð þau vandamál sem uppi eru í Region 1 og það hefur áhrif einnig í Region 2 og 3, og þessvegna tel ég að það sé mikill kostur að hafa samskipti á milli svæðanna þriggja, svo að viðhorf IARU á heimsvísu sé það sama og sé í samræmi. Ég held að ráðstefnan hafi farið fram eins vel og hún gerði, einkum vegna frábærrar gestrisni og skipulagningar NRRL. Ég veit að þið þakkið NRRL með mér fyrir gestrisnina, dugnaðinn og vingjarnleikann. Þakka þér NRRL (klapp).

LA7OF: Eins og sum ykkar vita, hef sótt ITU ráðstefnur í mörg ár, aðallega sem formaður norsku sendinefndarinnar og ég hef séð marga IARU fulltrúa koma til ráðstefnanna og vinna saman. Það hefur alltaf verið ánægja, að sjá það lið, sem hefur unnið hljóðlega bakatil í salnum, og tekið tali fulltrúa hinna ýmsu sendinefnda. Þegar þeir láta álit í ljós endrum og eins, þá hefur það innihald, sem hittir í mark og fundurinn hlustar. Þetta er nokkuð, sem ég vil deila með ykkur. Síðasta sunnudag, þegar ég var viðstaddur opnun ráðstefnunnar eins og flest ykkar, sat ég við hlið varaborgarstjóra Lillehammer og þegar ræðumaðurinn, sem ég ætla nú að kynna stóð upp til að ávarpa ráðstefnuna, sagði hún "hvaðan er hann þessi?" Ég hef séð þennan mann og hlustað á hann á ótal mörgum ITU fundum og ráðstefnum, svo ég svaraði henni: "þegar þú heyrir mál hans og hreim, þá muntu vita það." Það er enginn vafi, ef þið lokið augunum og hlustið, þá

vitið þið nákvæmlega hver hann er, Larry Price, W4RA, forseti IARU.

W4RA: Venjulega loka menn ekki augunum, fyrr en síðar í ræðum mínum (hlátur). Hvaða hreim herra Booh (hlátur). Mig langaði helst til að tala við ykkur um sama málefni og á IARU vinnustofunni sl. mánudagskvöld, þ.e. sambandið milli IARU og ITU. Ég er samt nokkuð hikandi við að gera það, því hér er viðstaddur kjörinn embættismaður ITU og aðrir sérfræðingar innan ITU. Dick Baldwin, W1RU, sem kenndi mér margt um ITU og gaf mér góð ráð gegnum árin, sem ég fór reyndar stundum eftir. Eitt ráð hans var: “talaðu aldrei í hljóðnemann, þegar þú ert fulltrúi IARU.” Ég reyndi að fara eftir því, eins og trúarbrögðum. Hann kynnti mig líka fyrir mörgu fólki innan ITU, flestir þeirra eru nú reyndar annaðhvort dauðir, eða hafa gerst ráðgjafar, nema hvort tveggja sé! Eitt af því, sem gerst hefur síðustu 1-2 árin, er að vandamálin, sem ITU stendur frammi fyrir eru mjög lík þeim vandamálum, sem IARU stendur frammi fyrir og þið fjölluðuð um í þessari viku. Ég var mánuð í Minneapolis sl. haust, eins og Jones forstjóri ITU-R. Ykkur tókst að komast til botns í fjármálunum á viku, en ITU gat ekki komist til botns í sínum fjármálum á heilum mánuði. Þegar ég vissi að ég færi hingað, hugsaði ég “gosh” Dick verður þar og ég mun ekki hitta hann eins oft og áður, svo ég ætti að kaupa eitthvað til að gefa honum. Fyrst ITU er í fjárhagsvandráðum, e.t.v. gæti ég hjálpað til, með því að kaupa eitthvað af þeim í ITU búðinni í anddyri turnsins. Kannski hann vanti eintak af nýju radióreglugerðinni. Hingað til hafa þær verið prentaðar á A5, en við Dick höfum náð þeim aldri, að letrið á A5 er nokkuð smátt fyrir okkur, en nú í fyrsta sinn er ITU radióreglugerðin líka til í A4 stærð. Við Dick eigum heima í Bandaríkjunum og eins og þið vitið, þá er ekki mögulegt að setja A4 í bókahillur í Bandaríkjunum. Ég veit það, því ég á haug af A4 liggjandi á hliðinni á mínum bókahillum. E.t.v. gæti ég fundið eitthvað nytsamlegra, því radióreglugerð ITU fæst nú á geisladisk. Þegar ég fór að hugsa um það, þá velti ég því fyrir mér hvað hann í ósköpunum hefði með radióreglugerðina að gera, því ITU er alltaf að breyta þeim og þeir ætla að breyta þeim aftur á næsta ári, svo splunkunýja og dýra settið, sem rétt er komið út nú, verður úrelt á næsta ári. Kannski finn ég eitthvað ganglegra, ég vona að ég hafi gert það, ég hef það hér í vasanum, og nú sem hann hefur meiri tíma til ráðstöfunar, þá getur hann fylgst með honum með þessu. Kærar þakkir.

LA7OF: Ég gerði samkomulag um að undir borðum

yrðu aðeins sex ræður. Ég hef verið undir miklum þrýstingi Eins og þið vitið, þá eru ósýnileg taug milli amatóra og milli tíðnistjóra eru svipuð ósýnileg taug og í þessari tilviki er það góður vinur minn, sem ég þori ekki að segja nei við, þessvegna leyfi ég honum að fá orðið. Það er Abdi, A41JT, frá Oman og gengið hans. Gerðu svo vel.



A-4 gengið A41KG,A41LZ,A41KB,A41JT

A41JT: Herrar mínir og frúr, þetta er A4-gengið. Fyrst af öllu vil ég þakka ykkur fyrir það mikla traust, sem þið sýnduð mér, með því að gefa mér flest atkvæði inn í stjórn IARU Region 1 í Lillehammer 1999. Ég þakka öllum ráðstefnugestum, því það gefur okkur sjálfstraust til að leggja hart að okkur og berjast fyrir IARU Region 1. Ég lofa ykkur, að það er vilji minn, og við munum gera eins mikið og við getum, til að kynna IARU Region 1 í okkar heimshluta, fá inn fleiri félög og gæta allra hagsmuna IARU Region 1 (klapp). Í vikunni hittuð þið formann sendinefndarinnar, Abdalla, A41KB. Hér er mikilvægur maður, þið verðið að hitta hann, Murtaħda, A41LZ, hann er mjög áhugasamur og þekktur í viðskiptalífi Óman, hann varð radióamatör fyrir aðeins þremur árum og hefur haft 75.000 sambönd til þessa og hann er með 59 mismunandi QSL kort. Að lokum, úr IOTA keppninni, Nasser, A41KG. Við erum allir mjög ánægðir með að vera hér. Fyrir hönd félaga okkar í ROARS í Óman, viljum við þakka norska amatörfélaginu fyrir þessa árangursríku ráðstefnu í Lillehammer. Fyrst vill ROARS færa NRRL að gjöf minjagrip, það er tákn Óman. Í öðru lagi smágjöf, skjöld ROARS, frá formanni ROARS, ráðherra símamála, til formanns NRRL og í þriðja lagi minjagrip til formanns norsku sendinefndarinnar. Þakka ykkur fyrir að leyfa mér að koma hér fram.

LA7OF: Nú komum við aftur að víkingunum, ekki lögum víkinga að þessu sinni. Þeir sem vilja afrit af þeim geta fengið það hjá mér. Ég vil aðeins minna á, að á þeim tíma, fyrir um 1000 árum, þegar

víkingarnir voru virkir, þá réðu þeir þekktum hlutum heimsins. Þeir gáfu Normandy í Frakklandi nafn og fóru yfir allar Bretlandseyjar, Þýskaland, Danmörk, Svíþjóð... vissulega Svíþjóð og þeir gáfu Rússlandi nafn, þeir víkingar sem komu frá héraði í Svíþjóð fóru þaðan með nafn heimabyggðar sinnar og nafnið Rússland kom út úr því. Þetta er ekki það mikilvægasta. Mikilvægara er að víkingarnir fóru einnig í vestur, þeir fóru til Íslands, Grænlands og þeir fundu Region 2! og trúid mér, ef þeir hefðu ekki gert það, hefði Region 2 ekki uppgötvast. Þökk sé víkingunum, þá get ég kynnt Tom Atkins, VE3CDM, formaður IARU Region 2. Gjörðu svo vel, orðið er þitt og þökk sé víkingunum aftur, fyrir að hafa uppgötvað þig.

VE3CDM: Hér er kveðja úr nýja heiminum. Það er erfitt að fylgja í fótspor þessara manna. Í stað þess að tala um amatörradíó ætla ég að segja ykkur sögu, sem ég heyrði í vikunni. Það var maður í New York, sem fór alltaf til sama rakara í mörg mörg ár. Hann sagði rakaranum einu sinni að han hygðist fara í langt ferðalag með konu sinni um Ítalíu. Rakarinn, sem var vís maður, sagði: þú vilt ekki fara til Ítalíu, það er of dýrt, þeir ljúga og bíða færís á ferðamönnum, það er mjög erfitt að fá góða gistingu. Náunginn sagði, við skulum bíða og sjá. Um mánuði seinna kom maðurinn frá Ítalíu til rakarans. Ég reikna með að það sem ég sagði þér um Ítalíu var satt. Nei, alls ekki, þetta var yndislegt fólk, maturinn var fínn, gistingin var fyrsta flokks, og við meira að segja fengum áheyrn hjá páfanum. Þegar ég beygði mig niður, til að kyssa hringinn hans, þá sagði páfinn: Hvar fékkstu þessa hræðilegu klippingu? Í mínum huga persónugerir þessi samkoma allt það besta í amatörradíói. Fyrir mig persónulega gegnum árin hafa það verið þeir vinir, sem ég hef eignast. Radíó-samböndin og allt hitt er ágætt, en það er fólkid á leiðinni, sem ég hef haft þau forréttindi að hitta um heim allan á samkomum eins og þessari, sem er allt það sem vinátta snýst um. Okkar norsku vinir hafa skipulagt þetta vandlega og framkvæmt frábærlega. Mitt er hrósið og mínar þakkirnar, það hafa verið forréttindi að vera með ykkur. Þakka ykkur kærlega fyrir.

LA7OF: Mér heyrðist einhver nefna Kólumbus á nafn, þegar ég sagði að víkingarnir hefðu farið til Ameríku. Ég er ekki viss um að þið vitið hvað kom fyrir Kólumbus. Þegar hann fór vestur um haf mörgum árum á eftir víkingunum, vissi hann ekki hvert hann fór, þegar hann kom þangað, vissi hann

ekki hvar hann var og þegar hann kom til baka, hafði hann ekki minnstu hugmynd um hvar hann hefði verið. Ég met því uppgötvanir víkinganna mikils. Næsta mann, sem ég ætla að kynna, hitti ég í fyrsta sinn á WARC 1979, ég hafði lesið greinar hans og kallmerkið var mér kunnuglegt. Eftir WARC 1979 urðum við góðir vinir. Hann bauð mér aðild að félagi sínu í eitt ár, og ég var mjög ánægður með það, ég hef verið félagi í því síðan og met það mikils. Það félag er næstum alveg hinum megin á hnettinum, nýsjálenska félagið, NZART og mér er mikil ánægja að kynna hinn félagann í NZART hér í kvöld, Fred Johnson, ZL2AMJ, formaður IARU Region 3, gjörðu svo vel.



Fred Johnson, ZL2AMJ, formaður IARU Region 3

ZL2AMJ: Eitt af mikilli ánægju við að vera fulltrúi Region 3, er að mín ræða er alltaf síðust og allir hafa sagt allt, sem ég ætlaði að segja. Herrar mínir og frúr, ágætu gestir, minn ágæti kollega Sangat, 9M2SS, fágæti kollega, ætti ég að segja, ágætu félagar. Þegar ég var ungur drengur, nokkrum dögum fyrir daginn í gær, þá uppgötvaði ég einn góðan veðurdag tilvist Noregs. Mig hefur langað til að heimsækja Noreg alla tíð síðan. Það var reyndar vegna þess, að ég rakst á tiltekna vöru, sem var greinilega merkt: "Framleitt í Noregi," það vakti

áhuga minn á landinu. Varan var lítil kista, sem innihélt um hálf túsín af fiski, dauðum að sjálfsgöðu. Herlegheitin voru merkt "Framleitt í Noregi," og "Sardínur." Mig hefur alltaf langað til að heimsækja Noreg alla tíð síðan, því sardínur eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér, en nú er ég búinn að vera hér heila viku og hef ekki séð eina einustu sardínu. Kannski þær verði komnar á morgunverðarborðið í fyrramálið. Þegar ég er viðstaddur þessar ráðstefnur, og þetta er þriðja Region 1 ráðstefnan, sem ég hef sótt, er það mér stöðugt undrunarefni, hve undursamlegt amatörradíó er. Hér eru mörg félög, frá mörgum menningarsvæðum, með ólíkan bakgrunn á sameiginlegum fundi og enginn talar ensku eins og ég! Það er merkilegt að við getum yfir höfuð talað saman. Það að við getum komið því í kring að fulltrúar 44 félaga eru hér mættir í eigin persónu og svarað er fyrir 53 félög, það finnst mér stórkostlegur hlutur. Við ættum að hugsa um alla þá vinnu, sem farið hefur í að skipuleggja slíka ráðstefnu, að hún yfirhöfuð hafi farið fram, og náð að gera þær samþykktir, sem gerðar voru í dag. Það finnst mér stórkostlegur hlutur. Ég þakka NRRL fyrir þá miklu gestrisni, sem við höfum verið aðnjótandi, ef frá eru taldar sardínurnar! og þá miklu vináttu, sem þeir hafa sýnt okkur öllum. Fyrir mína hönd fulltrúa Region 3 okkar Sangat's, 9M2SS, býð ég ykkur öllum að sækja heim ráðstefnu Region 3 á næsta ári, sem haldin verður í Darwin í Norðursvæði Ástralíu, seinni hluta ágústmánaðar. Frekari upplýsingum verður dreift um heiminn í nánustu framtíð. Ykkur er velkomið að vera viðstaddir. Þakka ykkur öllum fyrir gestrisnina, vináttuna og ég hlakka til að sjá ykkur aftur einhverntíma. Sérstakar þakkir til NRRL, Anne-Lise og skipulagsnefndarinnar allrar. Kærar þakkir. LA7OF: Má ég biðja um athygli ykkar. Þið þurfið e.t.v. smáhlé, vegna alls þessa góða matar. Vegna hinna mörgu ræðumanna, verð ég að kynna næsta ræðumann undir sjálfum ábætinum. Maðurinn, sem ég ætla að kynna, hefur eins og margir okkar verið radíóamatör í mörg mörg ár. Hann er einn heiðursgestanna á þessari ráðstefnu. Hann vill leiða fundi í samtökum, sem við erum öll mjög háð, þ.e. ITU. Maðurinn sem ég á við er Robert (Bob) Jones, VE3CTM, framkvæmdastjóri ITU-R, Radíóskrifstofu ITU. Frábær stjórnandi, góður vinur, og ég hef verið þess ánægjulega heiðurs aðnjótandi að vinna með honum árum saman, reynsla sem ég

hefði ekki viljað vera án. Bob, orðið er þitt.



Robert Jones, VE3CTM framkv. stjóri ITU-R

VE3CTM: Þakka þér fyrir Tom, þú hefur aldeilis staðið í ströngu með ábætinum! Tom ætlaði reyndar að leyfa mér að tala fyrir ábætinum, en þá sá hann ábætinum og ef þið þekkið Tom, þá vitid þið að þið ættuð aldrei að komast upp á milli Toms og ábætisins. Ég hef þekkt Tom lengi, en þetta er fyrsta heimsókn mín til Noregs og það hefur verið stórkostleg reynsla. Maturinn hér er ótrúlegur, ég er viss um að þið eruð mér sammála um það. Ég skil Tom aðeins betur núna! Hinn norðmaðurinn, sem hefur sótt ITU fundi, aðallega í T-geiranum, Knut Smaaland, ég skil hann líka betur núna. Þetta hefur verið stórkostleg ráðstefna. Venjulega leyfa verkefni mín mér stundum ekki einu sinni að sækja IARU ráðstefnur, eða aðeins mjög stutt í einu, en ég er ánægður með að geta verið hér í þetta sinn alla vikuna. Ég lærði vissulega mikið. Það hefur verið mikilvægt að hitta mörg ykkar, sem ég hef ekki hitt áður og einnig að hitta marga gamla vini. Ég veit að samband ykkar við ITU er opinberlega gegnum ykkar yfirvöld, en það er gott að hafa þetta beina samband. Við nutum þessarar fyrstu heimsóknar okkar til Noregs mjög, ég gæti líklega sagt að við urðum ástfangin af Noregi og viljum koma aftur. Konan mín féll bókstaflega í stafi yfir Noregi. Þetta er innanhússbrandari (hún varð fyrir því óhappi að detta á hendina og næstum því fingurbjóta sig), en þetta hefur verið dásamlegur tími. Ég var að hugsa, meðan þið voruð að ræða undirverktöku verkefna í dag, ef ég gæti sannfært NRRL, þá veit ég að ITU væri til í að fela NRRL að sjá um einhverjar af sínum ráðstefnum, því þið hafið staðið ykkur svo

frábærlega! Því miður, það leið yfir Anne-Lise rétt í þessu! Kæra þakkið til NRRL og Anne-Lise, þetta hefur verið stórkostleg ráðstefna og það hefur verið sérstök ánægja að vera hér. Hvað varðar ummæli Larry Price, W4RA, um radióreglugerðirnar, þá get ég fullvissað ykkur um að þær verða ekki úreltar, ákvæðin um radióamatöra munu ekki breytast, þið haldið öllum ykkar böndum og fáid kannski nokkur ný! (hróp og köll og klapp), af því ég hef séð hve áhrifamikil samtök ykkar eru, það er alveg ótrúlegt. Það er undravert að fylgjast með fulltrúum IARU á WRC ráðstefnum, hve duglegir þeir eru. Ég held að ýmsir í einkageiranum, sérstaklega tvö nýleg dæmi, vildu gjarnan vera í ykkar sporum. Kærar þakkið aftur til NRRL.

73 de TF3KB

Ritstjóri vill þakka Kristjáni sérstaklega fyrir hans mikla framlag til blaðsins. Ég geri mér grein fyrir því að þetta hefur verið óhemju vinna.

TF5BW

Morse umræðan frh.

hugsað okkur að RTTY, PSK31 Packet og fleira af þeim toga verði lagt niður næst, vegna þess að það séu svo fáir sm nota það. Það hafa jú flestir internetið.

Mors er einfalt, mors er falletgt, mors er rytmískt, mors er agaður fjarskiptamáti, hver einstök stöð á morsi tekur lítið pláss á tíðnisviðinu, pláss fyrir fleiri í einu. Mors er langdrægt, mors er öruggt, mors er skemmti-legt og ef þú kannt mors og notar það, veistu að þú hefur ýmislegt umfram þá, sem ekki kunna.

Að undanförmu hef ég séð á tölvupóstinum skrif, þar sem þeim sem aðhyllast mors eru kallaðir þröngsýnir og einhver fleiri lýsingarorð voru þarna á ferðinni, sem mer finnst ekki hafandi eftir. Það boðar ekki gott þegar svona lagað dúkkar upp. Manni finnst stundum gæta örvæntingar hjá þeim, sem þannig skrifa. Reynum að ræða málin og reynum að komast að niðurstöðu sem allir geta við unað. Hvorugur hópurinn vill láta leggja sig niður og kasta sér út í horn sem ónýtumhlut.

Verjum það sem við höfum, ástundum sem flestar tegundir fjarskipta og notum tíðnisviðineins og við getum. Við eigum þegar undir högg að sækja og ættum ekki að láta innbyrðis flokkadrætti verða til þess að réttur okkar rýrnar enn frekar.

73 de TF3GB

Þessi grein, að öðrum ólöstuðum, var með þeim málefnalegri í umræðunni og því kemur hún hér.

Ritstjóri TF5BW

Norrænu Amatör blöðin

Nokkrir af þeim sem sóttu NRAU fundin, sem sagt var frá í síðasta blaði, báðu um að fá CQ TF sent í tölvupósti, sem ritstjóra fanns sjálfsagt að verða við en fór fram á, í staðin, að fá sent eintak af þeirra blöðum ef þess væri nokkur kostur.

Nú þegar berast ritstjóra 3 af norrænu blöðunum en þau eru frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Ég vil þakka okkar ágætu félögum fyrir velviljan og örlætið.

TF5BW Ritstjóri CQ TF



Morse umræðan

Fátt er betra en að ræða málin. Það hafa alltaf verið til menn, sem finnst erfitt að læra mors og svo verður áfram. Það eru líka til menn, sem eiga erfitt með teoríuna og verða áfram. Þetta réttlætir ekki að felldar séu niður kröfurnar niður í ekki neitt til að þóknast þessum hópum. Það er líka út í hött að tala um að minnka morskröfurnar og auka tækniröfurnar í staðinn, sem hlýtur að gera þeim erfitt fyrir, sem geta lært mors en eiga erfitt með teoríuna. Við getum alveg átt von á því að fram komi hópur, sem vinnur að því jafn hörðum höndum og hinir að því að tækniröfurnar verði lagðar af, eins og tæpt hefur verið á í umræðunni, vegna þess að nú séu allir hættir að smíða nokkuð eða gera við og það eina sem þarf er að kunna að tala í hljóðnema. Ég óttast eins og fleiri að sé morsinu ekki haldið inni í prófunum, komi fljótt fram sú skoðun að morsið eigi ekki að hafa það pláss á böndunum, sem það hefur í dag.

Tæki til að senda mors eru einföld eins og morsið. Í einföldum morssendum er einnig sá möguleiki að fara á ódýran hátt í loftið, jafnvel á tækjum, sem viðkomandi hefur smíðað sjálfur. Byrjandinn hefur oft ekki þau fjárráð að geta keypt flókin tæki til að vera á SSB, FM o.s. frv.. Þarna er því einnig um auðveldu leið að ræða til að komast í loftið og láta heyra í sér. Einnig fylgir sá kostur að ekki er um það að ræða að fjárhagurinn fari í rúst ef þessi ódýru tæki bila, svo sem gerst hefur með okkar ágætu klúbbstöð t.d., sem enginn veit hvernig á að gera við.

Sem stendur yrði ég hlynntur því að halda morsinu inni, með minni hraða en er í dag, kannski 35 stafir á mínútu. Þetta yrði fyrir þá sem ekki geta lært mors nema upp að þessum hraða eða eru svo ópolinmóðir að komast á HF að þeir hafa ekki tíma fyrir meira. Á móti þessu myndi ég gera þá kröfu að tækniröfurnar yrðu ekki þyngdar, miklu frekar léttar eða breytt í þá átt að fjallað yrði um þá hluti, sem amatörinn þarf beinlínis að vita til að komast í loftið á minnsta leyfinu. Það sem er viðameira og flóknara yrði svo hluti af prófi til að fá hámarksleyfi. Það þarf að fara bil beggja þegar rætt er um að minnka kröfurnar. Margir, sem eru með tæknileyfi í dag og langar á HF, án þess að taka próf í morsi, reka áróðurinn fyrir því að morskröfurnar verði lagðar af út frá því að teorían sé auðveld fyrir alla en morsið bæði erfitt og þar að auki úrelt. Ég tel hins vegar að morsið sé auðvelt og þar að auki ekki úrelt (ég heyrði rétt í þessu að GSM-síminn dóttur minnar morsaði SMS til að láta hana vita af skila-boðum). Það

er ekkert gaman að hobbúi, sem ekki krefst einhvers af manni.

Ég óttast að menn verði of fljótir að stökkva til og leggja alveg niður morskröfurnar, vegna þess að þeir halda að þær standi í vegi fyrir fjölgun amatöra. Of flóknar tækniröfur eru alveg eins orsök. Hvern langar svo til þess, í alvöru, að taka eitthvert próf, þegar hægt er að fara út í búð og kaupa sér tölvu og modem, GSM eða bara GSMS til að vera í samskiptum við fólk um allan heim (svo ekki sé minnst á það að skrifa bréf, sem er fjarskiptamáti frá í árdaga og enn í fullu fjöri). Jú, sem betur fer eru þeir langflestir, sem eru tilbúnir að leggja það lítilræði á sig að læra mors til að öðlast aðgang að stuttbylgjusviðinu. Sá sem snýr sér að því af alvöru að læra mors, getur að minnsta kosti komist á nýliðaprófshraðann, svo sem nýleg dæmi sanna. Eftir það er leikurinn auðveldur og hraðinn eykst án þess að viðkomandi veiti því sérstaka athygli. Sama á við um teoríuna, fyrst kemur grunnurinn, þar sem tekið er á nauðsynlegustu atriðum til að komast í gang, en síðan er byggt ofaná og þegar fram líða stundir getur viðkomandi sýnt fram á kunnáttu sína og fengið stærra leyfi. Ekkert bendir til þess að það sé frekar krafan um morsið en krafan um kunnáttu í teoríunni, sem fælir fólk frá því að gerast radíóamatörar. Ef við ætlum að fella niður morskröfuna og “bæta” það upp með auknum teoriukröfum erum við einungis að leggja meiri byrðar á herðar þeim, sem eiga erfitt með teoríuna, sem hlýtur að fæla þá sömu frá því að taka þátt, sem sagt engin fjölgun. Við eigum miklu fremur að leggja áherslu á að vera sýnilegir og halda fram öllum kostum þess að vera radíóamatör og hjálpa þeim sem vilja til að læra mors. Við eigum einnig að halda inni kröfunni um mors til að komast á stuttbylgju þar sem morsið nýtist vel vegna langdrægis og til þess að geta gert tilkall til sérstaks hluta af tíðnisviðinu fyrir þá sem það nota. Það gæti nefnilega farið svo að leggist morskrafan af, verði sviðunum blandað saman og jafnvel sótt í að skera morshlutann af amatørböndunum til úthlutunar fyrir óskylda starfsemi. Nógu hart er sótt að okkur úr öllum áttum. Það er engin þörf á því fyrir okkur að hlaupa til og leggja niður kröfu um kunnáttu í morsi þótt opinberir aðilar, sem hafa tök á dýrum og háþróuðum búnaði séu, í orði kveðnu, að leggja niður morsnotkun. Það er ekki gert til að hætta að nota viðkomandi tíðnisvið, heldur til að koma fyrir öðrum tegundum fjarskipta. Við getum svo allt eins

Frá félagsfundum ÍRA 23.10.1999



Frá vinstri: TF3KX, TF3LA, TF3AO, TF3BM, TF3VET, TF3JA, TF5BG og TF3GW.

Myndina tók TF5BW

Næsta CQ TF kemur út í byrjun febrúar 2000 og þarf efni í það blað að hafa borist ritstjóra fyrir miðjan janúar 2000. Ritstjóri vill nota þetta tækifæri til að óska ÍRA félögum svo og öðrum radióamatörum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þakklæti fyrir það gamla.



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU

ZEUS TÖLVUR

NETT EHF

Furuvöllum 13

Akureyri